# FRÉTTABLAÐIÐ

305. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 31. DESEMBER 2015




# Gleðilegt nýtt ár!

Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári.










PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Gleðilegt nýtt ár

Opið í dag frá kl. 8–18 í Lágmúla og á Smáratorgi.



Gleðilegt nýtt ár

Opið 10–13 í dag

SMÁRALIND




Sunnan og suðaustan 10-18 m/s og él í dag, en að mestu þurrt norðaustantil. Þegar nýja árið gengur í garð stefnir í hægari vind og áfram dálítil él um landið sunnan- og vestanvert, eða með öðrum orðum hið sæmilegasta veður. Hiti um frostmark. SJÁ SÍÐU 46



**Hermenn á strætum Brussel.** NORDICPHOTOS/AFP

# Stóðlífi í Belgíu til rannsóknar

**BELGÍA** Lögregluyfirvöld í Brussel, höfuðborg Belgíu, rannsaka nú kynsvall tveggja lögreglukvenna og átta hermanna.

Kynsvallið á að hafa átt sér stað á lögreglustöð í Ganshoren-hverfinu í Brussel á meðan hermenn og lögreglumenn æddu um borgina að leita manna sem tengdust hryðjuverkaárásinni í París.

Í þær tvær vikur sem leitin stóð yfir gistu hermenn á lögreglustöðvum borgarinnar. Talsmaður lögreglunnar, Johan Berckmans, segir hermenn hafa skipulagt lítinn fagnað til að þakka lögreglu fyrir samstarfið. Hins vegar lítur út fyrir að fagnaðurinn hafi farið nokkuð úr böndunum.

Berckmans segir að rannsókn lögreglu á atvikinu hafi farið af stað þegar franska fréttastofan sagði frá málinu. **– þea**

# Löng útilega í skóginum



„Ég er búinn að eiga hér alls kyns skemmtilegar nætur þar sem allt titrar og skelfur," segir Tryggvi Hansen sem dvalið hefur í búðum sínum úti í skógi frá því í sumarbyrjun og fagnar þar áramótum. Tryggvi hlær þegar hann er spurður hvort hann sé ekki að gefast upp á útivistinni. „Ég er í fangbrögðum við náttúruna. Hún er alltaf að kenna manni." FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Twitter bannar hatursáróður

**BANDARÍKIN** Samskiptamiðillinn Twitter ákvað í gær að banna „hatursfullt atferli sem stuðlar að ofbeldi gegn minnihlutahópum".

Undanfarin misseri hefur verið deilt á Twitter fyrir að gera ekki nægilega mikið til að hindra að hryðjuverkamenn, á borð við liðsmenn ISIS, noti miðilinn í áróðursskyni.

Voru reglur Twitter uppfærðar í gær til að endurspegla ákvörðunina. Til þessa hafði reynst erfitt að loka aðgangi vegna óljósra reglna.

Samkvæmt rannsókn frá því í mars síðastliðnum mátti finna um 46 þúsund aðganga á miðlinum sem tengdust Íslamska ríkinu. **– þea**

# Gjöld hækka í læknisþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu sjúkratryggðra, aðra en heilsugæsluþjónustu, hækka að jafnaði um rúm þrjú prósent 2016.

Í frétt frá velferðarráðuneytinu kemur fram að dæmi um þjónustu sem hækki í verði séu komu- og endurkomugjöld á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, geisla- og myndgreining, komur til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa, krabbameinsleit og sjúkraflutningar.

Hins vegar hækka gjöld á heilsugæslum ekki.

Í tilkynningunni er einnig tekið fram að flóttafólk á Íslandi njóti sjúkratryggingar, en lög þess efnis voru samþykkt í febrúar síðastliðnum. **– þea**




# Drykkja ódýrara víns verður dýrari árið 2016

## Sala á freyðivíni breytist lítið þrátt fyrir aukinn kaupmátt. Áfengisgjald hækkar um áramótin sem leiðir til þess að ódýrara áfengi hækkar í verði en dýrari og fínni vín lækka í verði. Þúsundir lítra af freyðivíni seljast á síðustu dögum ársins.

**NEYTENDUR** Sala á freyðivíni er 4,3 prósentum minni það sem af er ári en á sama tíma í fyrra. Tveir söluhæstu dagar ÁTVR eru í gær og í dag.

Sala á freyðivíni hefur gjarnan þótt gefa vísbendingu um efnahagsástandið en til marks um það dróst salan nokkuð saman við hrun. Hún jókst að nýju árið 2011.

„Miðað við þetta verður árið í svipaðri tölu og í fyrra. Það má búast við mörgu fólki í dag. Almennt er mikið að gera á gamlársdag. Gærdagurinn er einn stærsti dagur ársins," segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Á síðustu tveimur dögum ársins í fyrra seldust fimmtán þúsund lítrar af freyðivíni, sem er ríflega þreföld sala janúarmánaðar á þessu ári.

Um áramótin lækkar virðisaukaskattur á áfengi úr 24 prósentum í 11 prósent en á móti hækka áfengisgjöld um rúmlega tuttugu prósent. Þetta er gert til að sporna við virðisaukaskattsvikum í veitingarekstri.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að þetta þýði í raun og veru að ódýrara vín hækki en dýrara vín lækki.

„Áfengisgjald er föst krónutala per áfengiseiningu, það fer eftir áfengisinnihaldinu og leggst á hreinan vínanda. Það tekur ekki tillit til þess hvort varan var ódýr eða dýr í upphafi," segir Ólafur sem kveður Félag atvinnurekenda hafa lagt til að ÁTVR dragi úr sinni álagningu til að vega á móti þessum breytingum. „En það hlaut ekki náð fyrir augum Alþingis."

Ólafur segir að sagan sýni að þegar ódýrara vín hækki séu margir ginnkeyptari fyrir heimabruggi og jafnvel smyglvarningi.

„Það er ekki endalaust hægt að skattpína þá sem fá sér í glas. Á einhverjum tímapunkti fer það að hafa afleiðingar sem vinna gegn ábyrgri áfengisstefnu," segir Ólafur Stephensen. **snaeros@frettabladid.is**

### Sala á freyðivíni 2008-2015 í þúsundum lítra




*það sem af var ári þann 29. desember

> Við hjá Félagi atvinnurekenda vorum búnir að leggja til að ÁTVR drægi úr sinni álagningu til að vega á móti þessum breytingum. En það hlaut ekki náð fyrir augum Alþingis.
>
> Ólafur Stephensen






Við þökkum Toyota-eigendum og landsmönnum öllum fyrir hlýja strauma og margar ánægjulegar samverustundir á hálfrar aldar afmæli Toyota á Íslandi. Árið gaf okkur mörg tækifæri til að gleðjast með viðskiptavinum okkar og við hlökkum til að halda áfram og þjóna þeim af sama krafti á nýju ári.

Starfsfólk Toyota


KVIKA
kvika.is



*Starfsfólk Kviku þakkar góðar viðtökur á árinu sem er að líða og óskar landsmönnum gleði og farsældar á nýju ári.*

# Kínverjar ögra Japönum



Shinzo Abe er ósáttur við aðgerðir Kínverja. NORDICPHOTOS/AFP

**KÍNA** Kínverski herinn sendi í gær vígbúið skip, sem áður sinnti störfum fyrir sjóherinn, að umdeildum eyjum í Austur-Kínahafi. Eyjarnar eru nú undir stjórn Japana en Kínverjar gera tilkall til þeirra.

Undanfarna mánuði hafa Kínverjar deilt við Filippseyinga og Víetnama í Suður-Kínahafi um eyjar þar og hefur forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, ítrekað beðið Kínverja um að halda sig frá svæðinu. Nú hafa Kínverjar hins vegar beint sjónum sínum í austur. – **þea**

## Leiðrétting

Í frétt í Fréttablaðinu í gær kom fram að Magnús Kolbeinsson læknir sæi um rekstur Lífsteins læknastöðvar í Álftamýri. Það er rangt. Rekstur Lífsteins er í höndum Fasteignafélags Álftamýrar. Magnús er með skurðstofurekstur í húsinu en tengist ekki að nokkru leyti fyrirhugaðri þjónustu í húsinu.

Vegna þess sem fram kom í fréttinni er ekið fram að Magnús reyndi að hafa samband eftir að vakt blaðamanns lauk en hafði ekki erindi sem erfiði. Magnús er beðinn velvirðingar.

## Fá skjól í tjaldi

**DANMÖRK** Tjaldbúðir fyrir hælisleitendur hafa verið reistar í Næstved í Danmörku. Um 400 hælisleitendur flytja inn í 50 tjöld í upphafi nýs árs. Búðirnar eru á gömlu athafnasvæði hersins.

Jótlandspósturinn segir dönsku járnbrautirnar, DSB, ekki enn hafa fengið öll tilskilin leyfi í tengslum við eftirlit með skilríkjum farþega til Svíþjóðar sem hefjast 4. janúar næstkomandi.

Á Kastrup-flugvelli á DSB að taka mynd af skilríkjunum og geyma í skrá. – **ibs**











Þyrla Landhelgisgæslunnar var notuð við leit að bankaræningjunum í Öskjuhlíð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skelfdir viðskiptavinir í bankaráni í Borgartúni

**Vopnaðir bankaræningjar í Landsbankanum í Borgartúni ógnuðu starfsfólki og viðskiptavinum. Einn viðskiptavina hringdi á Neyðarlínuna. Nokkur börn voru í bankanum á meðan ránið var framið. Mannanna var leitað úr þyrlu eftir ránið.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir voru handteknir í gær í tengslum við vopnað bankarán í útibúi Landsbankans í Borgartúni í gær. Ekki er um að ræða gerendur í málinu heldur hugsanlega vitorðsmenn eða einstaklinga sem geta veitt upplýsingar vegna málsins.

„Þeir voru ógnandi,“ segir Jóhanna Þorbjargardóttir, viðskiptavinur Landsbankans, sem var stödd í útibúi bankans í Borgartúni þar sem tveir menn frömdu vopnað rán skömmu fyrir klukkan hálf tvö í gær.

Jóhanna hljóp til og hringdi á Neyðarlínuna á meðan á ráninu stóð. „Ég stóð hjá gjaldkeranum og var að taka út. Þá heyrist kallað: Þetta er rán. Ég hljóp bara í burtu og hringdi í 112. Svo tóku þeir alla peningana sem þeir gátu.“

Hún segir starfsfólki bankans hafa verið ógnað. „Þeir hristu gjaldkera og þeir komu hlaupandi. Þeir ógnuðu starfsfólkinu, það var öllum rosalega brugðið.“

Jóhanna segir mennina hafa skilið bílinn eftir í gangi fyrir utan á meðan þeir rændu bankann. Um var að ræða hvítan sendiferðabíl, Ford Transit, með skráningarnúmerinu VDZ 53 sem fannst í Barmahlíð á þriðja tímanum.

> Ég hljóp bara í burtu og hringdi í 112. Svo tóku þeir alla peningana sem þeir gátu
>
> Jóhanna Þorbjargardóttir viðskiptavinur Landsbankans



Annar maðurinn var vopnaður skammbyssu en hinn vopnaður hnífi. Myndir af þeim úr öryggismyndavélum bankans sýna vopnaburðinn.

Mennirnir höfðu á brott með sér fjármuni en forsvarsmenn Landsbankans segja að upphæðin sé óveruleg. Starfsmönnum bankans var boðin áfallahjálp.

Viðskiptavinum og starfsmönnum bankans var hleypt út bakdyramegin eftir skýrslutöku lögreglu. Um tíu viðskiptavinir voru í bankanum. Nokkur börn voru í bankanum þegar ræningjana bar að. Þeir viðskiptavinir sem blaðamaður náði tali af sögðust skelkaðir og óttuðust að ræða atburðinn undir nafni.

„Ég vil ekki koma fram undir nafni ef það skyldi vera einhver undirheimaklíka á bak við ránið,“ sagði einn þeirra, verkamaður sem hafði skroppið í bankann. Hann hafði verið inni í bankanum í stutta stund þegar ræningjarnir birtust. „Þeir stukku yfir borðið, hristu gjaldkera til og hrópuðu nokkrum sinnum: Þetta er rán. Einn þeirra hélt á hníf og ég tel mig líka hafa séð annan þeirra með byssu.“

Honum virtist þjófarnir ganga ákveðið til verks. „Þetta voru einhverjir sem vissu hvað þeir voru að gera. Þeir voru hettuklæddir með klút fyrir vitunum.“

Hann lýsir því rétt eins og Jóhanna að mikil skelfing hafi gripið um sig í bankanum. „Ég þarf að fara heim og jafna mig. Það mun taka smá tíma. Þetta var virkilega vond reynsla.“

Ríkislögreglustjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stýra aðgerðum í sameiningu við rannsókn málsins. Mannanna var leitað á höfuðborgarsvæðinu í gær og mest í Hlíðahverfinu. Þyrla Landhelgisgæslunnar var notuð við leitina.

Einn maður var handtekinn í Öskjuhlíð um sex leytið í gær í tengslum við ránið. Þá girti lögregla af fjölbýlishús við Stigahlíð á sjöunda tímanum í gær og leitað var í bifreiðum á leið úr hverfinu.

kristjanabjorg@frettabladid.is,
lilly@stod2.is


Gleðilegt nýtt ár
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Yfirvinnutaxti embættismanna hækkar um 14,3 prósent

**KJARAMÁL** Auk þess að hækka laun Steinþórs Pálssonar, bankastjóra Landsbankans, um 24,6 prósent með sérstakri ákvörðun hefur kjararáð breytt viðmiðum yfirvinnugreiðslna. Við breytinguna hækka heildarmánaðarlaun annarra embættismanna sem undir ráðið heyra um nálægt þremur til rúmra sex prósenta.

Eftir almenna 9,3 prósenta hækkun kjararáðs á launum embættismanna 17. nóvember síðastliðinn voru heildarlaun bankastjóra Landsbankans komin í tæplega 1,6 milljónir króna, en inni í þeirri tölu voru 65 yfirvinnutímar í mánuði hverjum. Með ákvörðun sinni 17. desember síðastliðinn, afturvirkt frá 1. desember var bætt við laun Steinþórs 35 yfirvinnutímum til viðbótar. Fram kemur í ákvörðuninni að í beiðni bankaráðs Landsbankans um endurskoðun launakjara bankastjórans í nóvemberlok 2014 hafi verið farið fram á afturvirka hækkun frá 1. júní 2010, en við því var ekki orðið.

Þá hefur kjararáð hækkað einingaverð yfirvinnunnar þannig að hún miðar við eitt prósent af launaflokki 502-136, í stað 502-132 áður. Yfirvinnueiningin fer því úr 7.819 krónum í 8.934 og gildir það samkvæmt heimildum Fréttablaðsins um alla embættismenn sem slíkar einingar fá í launakjörum sínum.

Eftir breytinguna eru Steinþór Pálsson og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, jafnsettir launahæstu embættismenn ríkisins með heildarlaun upp á 1.949.691 krónu á mánuði. Í þriðja sæti er svo Már Guðmundsson seðlabankastjóri með rúmlega 1,8 milljónir króna.

Misjafnt er hversu margir yfirvinnutímar eru reiknaðir inn í laun embættismanna og forystufólks ríkisstofnana en 30 til 50 tímar eru algengir. Heildarlaun fólks í þeim hópi hækka því um 3,1 til 4,5 prósent. Hundrað yfirvinnutímar forstjóra Landsvirkjunar þýða að laun hans hafa hækkað um 6,1 prósent.



# Dómarar fá tuga prósenta launahækkun

**Störf dómara eiga sér ekki hliðstæðu á almennum vinnumarkaði. Tryggja verður sjálfstæði þeirra segir kjararáð. Kjör dómara eigi ávallt að vera meðal hinna bestu sem ríkisvaldið geti veitt. Hæstaréttardómarar hækka um 48 prósent og fá 1.721.361 krónur í mánaðarlaun.**

**KJARAMÁL** Laun dómara landsins hækka um 31,6 til 48,1 prósent núna um áramót samkvæmt ákvörðun kjararáðs í desember.

Í ákvörðun kjararáðs frá 17. desember, kemur fram að kjararáð hafi ekki áður fjallað heildstætt um laun dómara, þótt þau hafi tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir ráðsins. Dómarafélag Íslands fór í nóvember 2012 fram á slíka umfjöllun sem mið tæki af því að starfsöryggi og sjálfstæði dómara þyrfti að vera tryggt.

Fram kemur í ákvörðun ráðsins að í beiðni Dómarafélagsins hafi verið áréttað að um væri að ræða fámennan hóp einstaklinga sem mikla ábyrgð bæri, auk þess sem verulegar takmarkanir væru á því hvaða aukastörfum dómarar mættu gegna. „Í minnisblaðinu kemur einnig fram það mat dómara að launaflokkaröðun þeirra sé óásættanleg, sérstaklega þegar horft sé til innbyrðis samræmis og stöðu dómara í hinu þrískipta ríkisvaldi,“ segir kjararáð.

**Heildarlaun dómara á mánuði** í kr.*

| Titill | nóv. 2015 | jan. 2016 | Breyting í % |
|---|---|---|---|
| Héraðsdómari | 949.067 | 1.316.245 | **38,7** |
| Dómstjóri (utan Rvk.) | 1.039.008 | 1.431.519 | **37,8** |
| Dómstjóri í Reykjavík | 1.143.612 | 1.504.899 | **31,6** |
| Hæstaréttardómari | 1.162.159 | 1.721.361 | **48,1** |
| Forseti Hæstaréttar | 1.279.987 | 1.874.128 | **46,4** |

**Án tillits til tímabundinna álagsgreiðslna vegna hrunsins. Heimild: Kjararáð*

Eftir yfirferð ráðsins færast allir dómarar upp um sjö launaflokka, auk þess sem yfirvinnueiningum er fjölgað um 10 til 31 í mánuði hverjum. Mest er breytingin hjá hæstaréttardómurum sem fara úr launaflokki 140 með 18 yfirvinnutíma í launaflokk 147 með 30 yfirvinnutímum. Laun þeirra fara úr tæplega 1,2 milljónum króna á mánuði, eins og þau voru eftir síðustu almennu hækkun ráðsins í nóvember síðastliðnum, í rúmar 1,7 milljónir. Heildarlaun forseta Hæstaréttar fara úr tæplega 1,3 milljónum í tæplega 1,9 milljónir króna.

Minnst er breytingin hjá dómstjóranum hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, 31,6 prósent, en hann er tveimur launaflokkum fyrir ofan aðra dómstjóra á landinu auk þess að fá mánaðarlega greitt átta yfirvinnutímum meira en þeir. Laun dómstjórans í Reykjavík fara úr rúmlega 1,1 milljón króna í rúmlega 1,5 milljónir, en laun annarra dómstjóra úr rúmri milljón í rúmlega 1,4 milljónir.

Laun héraðsdómara hækka svo um 38,7 prósent, fara úr rúmum 949 þúsund krónum á mánuði í rúmlega 1,3 milljónir króna.

Í ákvörðun kjararáðs segir að mikilvægt sé að til dómstarfa veljist hæfir og heilsteyptir einstaklingar og tryggt sé að engir utanaðkomandi hagsmunir eða þrýstingur frá stjórnvöldum, aðilum máls eða nokkrum öðrum hafi áhrif á störf þeirra. Störf dómara eigi sér ekki beina hliðstæðu á hinum almenna vinnumarkaði.

„Við ákvörðun um laun og kjör dómara telur kjararáð nauðsynlegt að hafa í huga og taka tillit til þess að dómsvaldið er einn þriggja hornsteina ríkisvaldsins og veitir löggjafar- og framkvæmdarvaldi nauðsynlegt aðhald. Þá skera dómstólar endanlega úr um lögskipti og réttarágreining einstaklinga og lögaðila, svo og sekt eða sýknu í sakamálum.“ Vegna þessa sé nauðsynlegt að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði dómara og þannig leitast við að efla trúverðugleika dómstóla.

„Því verður að tryggja að kjör dómara verði ávallt meðal hinna bestu sem ríkisvaldið getur veitt. Hér verður að nefna að möguleikar dómara til þess að sinna launuðum aukastörfum eru takmarkaðir,“ segir í ákvörðuninni. **olikr@frettabladid.is**




Verkefnastjóri viðburða og nýmiðlunar á Akureyrarstofu

Akureyrarstofa auglýsir 100% starf verkefnastjóra laust til umsóknar

Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir framkvæmdastjóra Akureyrarstofu sem er heimahöfn menningar-, ferða-, kynningar- og markaðsmála hjá Akureyrarbæ.
Á Akureyrarstofu fer fram fjölbreytt og góð teymisvinna sem miðar að því að efla Akureyri sem vel þekktan og eftirsóknarverðan búsetukost og áfangastað gesta, jafnt innlendra sem erlendra.

Verkefnastjóri viðburða og nýmiðla ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd viðburða á vegum Akureyrarbæjar og á samvinnu við aðra skipuleggjendur stærri viðburða. Jafnframt ber hann, ásamt verkefnastjóra markaðs- og kynningarmála, ábyrgð á upplýsingagjöf og markaðssetningu í gegnum samfélags- og netmiðla.

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

AKUREYRARSTOFA

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2016.




Boð var haldið á síðasta starfsdegi Þróunarsamvinnustofnunar og framkvæmdastjórans, Engilberts, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tregi á síðasta starfsdegi framkvæmdastjórans

**STJÓRNSÝSLA** Í gær var boðið upp á kveðjukaffi í Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það var síðasti starfsdagur stofnunarinnar og í dag verður hún lögð niður. Á nýju ári fer starfsfólk og starfsemi stofnunarinnar undir Þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Öllu starfsfólki stofnunarinnar var boðið áframhaldandi starf nema framkvæmdastjóranum, Engilberti Guðmundssyni. Hann segir þessi tímamót tregablandin.

„Þetta er stofnun sem hefur starfað undir núverandi heiti í 34 ár. Hér hafa stafað hundruð Íslendinga og önnur hundruð útlendinga við þróunarsamvinnu. Þetta er auðvitað dálítil sorgarstund.“

Engilbert segir alltaf hafa legið fyrir að stofnunin og hann sem talsmaður hennar hafi lagst á móti breytingunum. „Til lengdar er hætta á að þetta dragi úr fagmennsku og við teljum betri stjórnsýslu að hafa skil á milli hins pólitíska ráðuneytis og hins faglega framkvæmdaaðila.“

Engilbert hefur einnig áhyggjur af þróunarsamvinnu á heimsvísu. „Ég er hræddur um að loforð manna vegna aðstoðar við að framfylgja Parísarsamningnum gangi ekki upp og einnig hafa fjölmörg Evrópulönd gefið það út að þau telji sig þurfa að taka fjármagn úr þróunarsjóðum til að styrkja móttöku flóttamanna. Grunnaðstoðin klemmist þarna á milli.“

Engilbert segir það sorglegt í ljósi þess að mikill árangur hafi náðst síðustu fimmtán ár og spár alþjóðastofnana eru að á næstu þrjátíu árum muni ekkert þeirra landa, sem fá aðstoð í dag, þurfa aðstoð. „En það er að því gefnu að þróunarsamvinnan haldi áfram með sama hætti.“

Engilbert lýkur því störfum með áhyggjur en hann hefur starfað í alþjóðasamvinnu síðustu þrjátíu ár. „Svo kemur nýtt ár og ég þarf að draga andann djúpt og venjast því í fyrsta skipti í hálfa öld að vera ekki að vinna á hverjum degi.“ **– ebg**

# GLEÐILEGT ÁR

## TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

HAGKAUP

MALTGRÍS

Maltgrís er unggrís sem er sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

Verði þér að góðu.



## MALTGRÍS HAMBORGARHRYGGUR

**2. SÆTI SAMKVÆMT BRAGÐKÖNNUN DV**

**998 kr/kg**

verð áður 1.598

FERSKT með FLUGI



*Ný uppskera af grænum vínberjum frá suður afríku*



- Bláejuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber
- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber





Strengjabaunir

Snjóbaunir

Belgbaunir

## AFGREIÐSLUTÍMI 31. DESEMBER - 2. JANÚAR

| | | SKEIFAN SPÖNGIN GARÐABÆR EIÐISTORG | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI | HOLTA-GARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FIM | 31. DES | OPIÐ TIL 18 | 9-15 | 9-15 | 9-18 | 9-15 | 10-15 |
| FÖS | 1. JAN | OPNAR 11 | lokað | lokað | OPNAR 11 | lokað | lokað |
| LAU | 2. JAN | 24 TÍMA | 10-19 | 10-19 | 10-24 | 10-19 | 10-18 |

Netgíró

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Handtökuskipun gefin út á hendur Bill Cosby

**BANDARÍKIN** Bandaríski leikarinn Bill Cosby var í gær ákærður fyrir kynferðisbrot. Kevin Steele, saksóknari Montgomerysýslu í Pennsylvaníufylki Bandaríkjanna, greindi frá því á blaðamannafundi í gær. Jafnframt var gefin út handtökuskipun á hendur Cosby.

„Eftir að hafa farið yfir öll sönnunargögn erum við fullviss um að við getum náð réttlætinu fram,“ sagði Steele.

Brotið sem Cosby er ákærður fyrir á að hafa átt sér stað árið 2004 og er Cosby sakaður um að hafa brotið á fyrrverandi vinkonu sinni, Andreu Constand. Constand segir Cosby hafa byrlað sér ólyfjan áður en hann braut á henni. Atvikið átti sér stað á heimili Cosbys. Verði Cosby fundinn sekur gæti hann átt yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsisdóm.

Constand kærði Cosby fyrst fyrir atvikið árið 2005 en sættir náðust utan dómstóla. Málið var hins vegar tekið fyrir aftur í kjölfar þess að tugir kvenna sögðu frá reynslu sinni af leikaranum.

Áður en ásakanir á hendur Cosby komu fram í dagsljósið var hann þekktastur fyrir leik sinn í þáttunum The Cosby Show. **– þea**



**Bill Cosby hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot.** NORDICPHOTOS/AFP

> Eftir að hafa farið yfir öll sönnunargögn erum við fullviss um að við getum náð réttlætinu fram.
>
> Kevin Steele, saksóknari í Pennsylvaníu


## Dregið hefur verið í jólahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

**Vinningar komu á eftirtalin númer:**

**Toyota Yaris Active að verðmæti kr. 2,760.000 hvor bifreið.**

44660 49592

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr 600.000 hver vinningur komu á miða númer**

14115 17502 23801 50786

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr.300.000 hver vinningur komu á miða númer:**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 716 | 8697 | 16425 | 24934 | 33474 | 40877 | 52604 | 63149 |
| 885 | 9747 | 17524 | 25527 | 35003 | 41289 | 53583 | 65558 |
| 1426 | 10107 | 17669 | 25565 | 35756 | 41879 | 54000 | 66818 |
| 1651 | 10284 | 18411 | 26006 | 36396 | 42118 | 54130 | 67756 |
| 2493 | 10314 | 19094 | 27607 | 37006 | 43748 | 54658 | 69721 |
| 2954 | 11982 | 19187 | 28640 | 37106 | 44463 | 55060 | 70009 |
| 3084 | 12117 | 20013 | 30626 | 37516 | 45355 | 57649 | 70183 |
| 4967 | 12802 | 20449 | 31199 | 37667 | 45606 | 57820 | 70787 |
| 5725 | 13162 | 21267 | 31383 | 38053 | 48754 | 58686 | 73861 |
| 7184 | 14442 | 22020 | 31646 | 38810 | 50642 | 59612 | 75456 |
| 7666 | 14534 | 22456 | 31653 | 39800 | 51823 | 59689 | 75649 |
| 8034 | 14585 | 23874 | 31872 | 39909 | 52464 | 61055 | 77325 |
| 8105 | 15818 | 24740 | 32889 | 39982 | 52595 | 62545 | 78295 |

Birt án ábyrgðar

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.
Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA






Livostin augndropar og nefdropar eru fljótvirk ofnæmislyf með langvarandi verkun. Nota má Livostin samtímis inntöku annarra ofnæmislyfja.

Livostin® Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® (levokabastin); nefúði, dreifa 50 míkróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefbólgu og ofnæmistárubólgu í augum. **Skömmtun:** Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin augndropar innihalda rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð sem getur valdið ertingu í augum og mislitað mjúkar augnlinsur. Varast skal að það komist í snertingu við mjúkar augnlinsur. Fjarlægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. Livostin nefúði inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própýlenglýkól sem geta valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstagjöf. **Áhrif á akstur og notkun véla:** Livostin hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.



**Argentínumaður rær bát sínum um stræti borgarinnar Concordia. Mikil flóð hafa skollið á borginni.** NORDICPHOTOS/AFP

# Verri stormar en áður hafa þekkst frá El Niño

Geimferðastofnun Bandaríkjanna varar við að El Niño-veðurfyrirbrigðið í ár gæti valdið verstu stormum í sögu sinni. El Niño lætur á sér kræla á tveggja til sjö ára fresti. Nú þegar hefur það valdið mannskæðum flóðum í Suður-Ameríku.

**VEÐUR** Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) varar við því að El Niño-veðurfyrirbrigðið, sem nú hefur farið að láta á sér kræla, gæti valdið verstu stormum í sögu fyrirbrigðisins.

El Niño er margra mánaða langt ástand með víðáttumiklum sjávarhitafrávikum í austanverðu Kyrrahafi sem veldur gríðarlegum, oft mannskæðum, veðursveiflum. Ástandið kemur upp á tveggja til sjö ára fresti og varir venjulega í rúmt ár.

Áður hefur ástandið náð hápunkti sínum undir lok ársins en NASA segir að ekkert bendi til þess að draga fari úr ástandinu nú og segir stöðuna svipaða og árið 1997 en El Niño hefur aldrei valdið verri stormum en þá.

Nú þegar hefur El Niño valdið umfangsmestu flóðum í hálfa öld í Paragvæ, Argentínu, Úrúgvæ og Brasilíu. Yfir 150 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín, þar af rúmlega hundrað þúsund í Asunción, höfuðborg Paragvæ. Þá létust þrettán í Missouri-fylki Bandaríkjanna eftir að ár flæddu yfir bakka sína í kjölfar ofsaveðurs.

> Alþjóðasamtökin Oxfam, sem berjast gegn fátækt, hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að stormarnir gætu valdið hungursneyð

> **150.000** manns hafa þurft að flýja heimili sín vegna flóða í Suður-Ameríku

Einnig greina veðurfræðingar BBC frá því að El Niño eigi þátt í miklum stormum sem skollið hafa á Bretlandi undanfarið með tilheyrandi flóðum sem hafa valdið því að þúsundir hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Sömuleiðis á El Niño að hafa átt þátt í ofsaveðrinu sem skall á austurströnd Íslands í fyrrinótt.

Alþjóðasamtökin Oxfam, sem berjast gegn fátækt, hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að stormarnir gætu valdið hungursneyð víðs vegar í Afríku, til að mynda í Eþíópíu, auk þess að auka á eymdina á stríðshrjáðum svæðum á borð við Sýrland, Suður-Súdan og Jemen.

Veðurfyrirbrigðið hefur einnig valdið því að hitastig víða um heim hefur verið með óvenjulegu móti. Til að mynda var óvenju hlýtt í Evrópu um jólin og var Reykjavík eina höfuðborg álfunnar sem fagnaði hvítum jólum. Þá hefur hiti einnig læðst niður fyrir frostmark í eyðimörkum Mexíkó og snjóaði til að mynda í Sonora-eyðimörkinni í fyrsta sinn í 33 ár.

Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO) hefur þó bent á að El Niño sé ekki eina orsök furðulegs veðurfars undanfarið heldur leiki loftslagsbreytingar af mannavöldum þar stórt hlutverk.

**thorgnyr@frettabladid.is**


**Sjósundsfólk í Nauthólsvík klæðir sig upp á nýársdag.** MYND/SJÓR

# Byrja árið í köldum sjó

**FRÍSTUNDIR** Sjósundsiðkendur fagna nýju ári í tíunda sinn með sundferð í Nauthólsvík í hádeginu á nýársdag.

„Það er mál manna að gleði þátttakenda aukist eftir því sem sjórinn er kaldari,“ segir Kristín Helgadóttir, stjórnarmaður í Sjósunds- og sjóbaðsfélagi Reykjavíkur (SJÓR), í tilkynningu félagsins. Reikna megi með því að sjórinn verði í kringum eina gráðu. Þá hafi sú hefð orðið til síðustu árin að klæða sig upp og fara í sjóinn í sem litríkustum fötunum eða vel skreyttur. „Sumir hafa jafnvel komið í jóladressinu.“

Baðgestir safnast saman við afgreiðsluna í Nauthólsvík og fara saman í sjóinn klukkan tólf. Sífellt fleirum finnst þetta ómissandi upphaf á góðu ári,“ segir Kristín. **– óká**



Gleðilega hátíð
Bílaumboðið Askja óskar viðskiptavinum sínum
og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar
og farsældar á komandi ári.
ASKJA
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-2093

# Hvað segir Ólafur Ragnar á nýársdag?

**Búist er við að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gefi upp í nýársávarpi sínu hvort hann bjóði sig fram til forseta næsta sumar. Guðni Th. Jóhannesson segir þá sem fylgst hafa með Ólafi telja líklegra að hann láti gott heita. Hann hafi þó áður skipt um skoðun.**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur sína árlegu sjónvarpsræðu á nýársdag. Búist er við því að hann tilkynni þar hvort hann hyggist bjóða sig fram í forsetakosningum næsta sumar eða láti gott heita eftir tuttugu ára setu á forsetastóli.

„Það væru stór tíðindi ef hann segði ekki af eða á í ávarpinu,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, fyrst hann hafi ekki gefið það út við setningu Alþingis í haust.

Ólafur Ragnar hefur nokkrum sinnum gefið út að forseti skuli tilkynna um framboð sitt við setningu Alþingis eða í nýársávarpi. Fyrir síðustu forsetakosningar 2012 sagði Ólafur Ragnar í nýársávarpi sínu að hann myndi ekki bjóða sig fram á ný, þegar kosið yrði til forseta um sumarið. Í kjölfarið hófst undirskriftasöfnun, sem Guðni Ágústsson fór fyrir, þar sem skorað var á Ólaf Ragnar að halda áfram sem forseti. Þann 27. febrúar afhenti Guðni Ólafi rúmlega 30 þúsund undirskriftir.

Ólafur lýsti því svo yfir í tilkynningu 4. mars 2012 að hann myndi bjóða sig fram á ný í ljósi áskorana sem hann hefði fengið og skoðanakannana. Þá væri vaxandi óvissa um stjórnskipan landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá, umrót á vettvangi þjóðmála og í flokkakerfinu sem og átök um fullveldi Íslands. Ólafur Ragnar gaf þó í skyn að hann kynni að hætta áður en kjörtímabilinu lyki yrði hann endurkjörinn.

Ólafur dró síðar í land með þessar yfirlýsingar. Guðni segir það hafa tengst gagnrýni hans á Ríkisútvarpið vegna þess að Svavar Halldórsson, þáverandi fréttamaður á RÚV og eiginmaður Þóru Arnórsdóttur, mótframbjóðanda Ólafs, hafi flutt fréttir af því að Ólafur Ragnar kynni að hætta á miðju kjörtímabili á meðan verið væri að kanna áhuga á framboði Þóru.

Guðni segir Ólaf Ragnar hafa tekið skýrt fram í kosningasjónvarpi Ríkisútvarpsins þegar ljóst var að hann hefði farið með sigur af hólmi að þetta kjörtímabil yrði hans síðasta. Hann hafi svo ítrekað þessa yfirlýsingu síðan þá. „En hann hefur alltaf þann fyrirvara á að það sjái enginn framtíðina fyrir og hann hljóti að taka mark á þeim sem koma að máli við hann og hvetji hann til að endurskoða hug sinn.“

Ólafur hefur þó ekki gefið endanlega út hvort hann haldi áfram. Í nýlegu viðtali við DV sagði Ólafur að það skapaði honum ákveðinn vanda hve margir hefðu skorað á hann að halda áfram.

Guðni vill lítið spá í hvað Ólafur segir í nýársávarpinu þó margir telji líklegra en ekki að hann gefi ekki kost á sér á ný. „Ég hugsa nú að flestum sem hafa fylgst með orðum hans og gerðum myndi þykja líklegra en hitt að hann myndi láta gott heita en það er eins og einhver sagði nógu erfitt að spá um fortíðina þó maður fari ekki að rýna í framtíðina líka,“ segir sagnfræðingurinn.



## Hvað hefur forsetinn sagt um framtíð sína í embætti?

**Það er þó einlæg ósk mín að þjóðin muni sýna því skilning þegar stöðugleiki hefur skapast í stjórnskipan landsins og stjórnarfari og staða okkar í samfélagi þjóðanna hefur skýrst ákveði ég að hverfa til annarra verkefna áður en kjörtímabilið er á enda og forsetakjör fari þá fram fyrr en ella.**

**4. mars 2012**
Í tilkynningu um forsetaframboð

**Ég hef aldrei sagt að ég ætlaði bara að vera í tvö ár. Þetta er áróður sem reynt var að læða að fólki, m.a. með fréttunum sem Svavar bjó til á RÚV þegar verið var að kanna framboð Þóru.**

**21. maí 2012** Í beinni línu á DV

**Og ég tel þess vegna að ég hafi ákveðið umboð frá fólkinu í landinu til þess að beita mér á þessum vettvangi en líka vegna þess að allir vita að þetta verður mitt síðasta kjörtímabil.**

**1. ágúst 2012**
Í viðtali við Ríkissjónvarpið

**Með allri virðingu fyrir Eyjunni sem er finn miðill og Fréttablaðinu eða öðrum, þá ætla ég ekki að brjóta þessa hefð.**

**2. nóvember 2014**
Í viðtali á Eyjunni spurður hvort hann hygðist bjóða sig fram sem forseti árið 2016

**Þegar ég nú samkvæmt umboðinu, sem þjóðin fól mér, set Alþingi í síðasta sinn, flyt ég þinginu í senn djúpa virðingu mína og einlægar þakkir, minnist þeirra fjölmörgu sem verið hafa samstarfsmenn, einkum þeirra sem miðluðu mér af reynslu sinni, í raun allra sem voru samferða á þingfundum og í nefndastarfi.**

**8. september 2015** Við setningu Alþingis

**Mér finnst líka sjálfum eins og bæði Ásgeir [Ásgeirsson] og Kristján [Eldjárn] gerðu, að það eigi að festa í sessi þá hefð að það sé í ávarpi til þjóðarinnar á nýársdag sem forsetinn lýsi þessari afstöðu.**

**11. október 2015**
Í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni

**Þá er það visst áhyggjuefni að það skuli enn vera svo ríkt í hugum manna að það þurfi að vera á Bessastöðum einstaklingur sem ekki haggast í róti umræðunnar, bloggsins og hitans sem fylgir átökum dagsins. Þar með er ég ekki að segja að ég sé eini maðurinn sem geti gegnt því hlutverki.**

**27. nóvember 2015** Í viðtali við DV





Hátíðarkveðja
Gömul þjóðtrú hermir að á nýársnótt
fái kýrnar mál og tali saman þar til dagur rennur.
Ekki er samt ráðlegt að reyna að liggja á hleri,
enda verðskuldar íslenska mjólkurkýrin
alla okkar virðingu.
Fyrir þeirra hönd óskar Mjólkursamsalan
og eigendur hennar, íslenskir kúabændur,
landsmönnum öllum gleðilegs árs og þakkar fyrir
samskiptin á árinu sem er að líða.
Emma Dís Örvarsdóttir
í heimsókn hjá ömmu og afa
á Reykjum á Skeiðum, með
nýborna kálfinn Soffíu.
15-2580 · HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Landsvirkjun



Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

# Orka til framtíðar

Orkan sem býr í umhverfinu og okkur öllum er gerð áþreifanleg á orkusýningu í Ljósafossstöð sem var opnuð í tilefni 50 ára afmælis Landsvirkjunar. Opnir fundir og upplýsandi samtöl við hagsmunaaðila voru einnig stór hluti af afmælisárinu.

Fagleg umræða og miðlun þekkingar stuðla að nýsköpun, uppbyggingu atvinnulífs og samfélagsins alls. Með þekkingu er hægt að mæta áskorunum á framsækinn og ábyrgan hátt með jafnvægi milli náttúrunnar og nýtingu auðlinda að leiðarljósi.

Kraftur þjóðarinnar og orka umhverfisins leysa úr læðingi aflið sem skipar Íslandi í fremstu röð á sviði endurnýjanlegrar orku. Áralöng reynsla og ný þekking móta þannig tækifæri framtíðarinnar og enn öflugra samfélag.

**Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.**

Nýja orkusýningin í Ljósafossstöð er opin föstudag, laugardag og sunnudag kl. 10–17.
Nánari upplýsingar má finna á landsvirkjun.is/heimsoknir.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ástand heimsins












**1.** Borgaryfirvöld í Bagdad, höfuðborg Íraks, hafa komið upp áramótaskreytingum á torgi í miðborginni.

**2.** Ungir Kúrdar safna byssukúlum í poka í borginni Diyarbakir í Tyrklandi eftir að útivistarbanni á Kúrda var aflétt. Ólga hefur verið í suðausturhluta Tyrklands undanfarið er tyrkneski herinn hefur reynt að hafa hendur í hári félaga í Verkamannaflokki Kúrda (PKK).

**3.** Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna fylgjast með að forseta- og þingkosningar í Mið-Afríkulýðveldinu fari sómasamlega fram. Alls voru þrjátíu í forsetaframboði.

**4.** Verðbréfasali í Frankfurt í Þýskalandi fær sér sopa af kampavíni í vinnunni til að fagna síðasta vinnudegi ársins.

**5.** Jemenar skoða sig um í rústum Coca-Cola-verksmiðju sem gjöreyðilagðist í loftárás sádiarabíska lofthersins á höfuðborgina, San'a. NORDICPHOTOS/AFP




EINN EINN TVEIR
Í BLÍÐU OG STRÍÐU Í 20 ÁR
Evrópska neyðarnúmerið 112 var tekið í notkun á Íslandi 1. janúar 1996. Það leysti af hólmi 146 mismunandi númer sem almenningur notaði til að fá neyðarþjónustu. Síðan höfum við gengið í gegnum súrt og sætt með þjóðinni.
Stór hluti þjóðarinnar, ungir sem aldnir, hefur hringt í 112 í aðstæðum sem kalla á faglega og skjóta aðstoð. Saman höfum brugðist við náttúruhamförum, óveðrum, slysum, eldsvoðum, glæpum og mörgu öðru sem kallar á aðstoð viðbragðsaðila.
Það gleður okkur að samkvæmt mælingum er þjóðin ánægð með þjónustu okkar. Við höldum áfram að standa vaktina og leysa úr erindum ykkar eftir bestu getu.
Kæru landsmenn.
Við þökkum samfylgdina og traustið undanfarin 20 ár.
Farið vel með ykkur á nýja árinu!
112
NEYÐARNÚMERIÐ
Í 20 ÁR

# Skúrar splundruðust á Stöðvarfirði

Tjónið eftir óveðrið á Austurlandi er gífurlegt. Bryggjur skoluðust burt á Eskifirði og stór verbúð fauk í nærri heilu lagi á Stöðvarfirði.

BJÖRGUN „Tjónið er umtalsvert mikið, ég hef ekki fengið fregnir af tjóni annars staðar í Fjarðabyggð en það virðist vera mest hér á Eskifirði,“ segir Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar.

„Annað sjóhúsið virðist vera ónýtt og báðar bryggjurnar farnar, þær liggja við sjóhúsin og svo er spýtnabrak út allan fjörðinn og upp á bryggju. Aðalgatan er mikið skemmd á kafla þar sem malbikið flettist af henni.“

Fólk hafði áhyggjur af ánum í fjallinu fyrir ofan bæinn vegna vatnavaxta en þær voru að mestu til friðs. Smábátahöfnin er nokkuð skemmd en bátar sluppu.

„Björgunarsveitirnar unnu alveg þrekvirki hérna,“ segir Jens.

Nokkrar skemmdir voru við Mjóeyri yst í bænum en mikið landrof varð á eyrinni vegna flóða eða um tvo til þrjá metra inn á eyrina.

„Eyrin er stórskemmd og ljót yfir að líta,“ segir Sævar Guðjónsson, eigandi ferðaþjónustunnar á Mjóeyri.

Verið er að hlaða upp á eyrina ef ske kynni að veðrið tæki að versna aftur en til stendur að reisa á eyrinni varnargarð.

„Randúlfshúsið sem við höfum haft undir Sjóminjasafnið er svolítið skemmt, þetta er gríðarlega verðmætt 120 ára gamalt hús. Það slapp þó ágætlega en bryggjan fyrir framan það er orðin mjög ljót.“

Leiði Eiríks Þorlákssonar, sem var hálshöggvinn árið 1786 á Mjóeyri, fór á flot og riðlaðist til. Aftakan var

**Annað sjóhúsið virðist vera ónýtt og báðar bryggjurnar farnar, þær liggja við sjóhúsin og svo er spýtnabrak út allan fjörðinn og upp á bryggju.**

Jens Garðar Helgason



sú síðasta sem framkvæmd var á Austurlandi. „Leiðið er komið svona inn á miðjan reitinn.“

Undir miðvikudagsmorgun gerði aftakaveður á Stöðvarfirði að sögn Margeirs Margeirssonar, formanns björgunarsveitarinnar Björgólfs á Stöðvarfirði.

„Tjónið er gríðarlegt í bænum,“ segir Margeir. „Það var geymsluhúsnæði og verkstæði sem trillumaður var með, það bara splundraðist. Svona einn þriðji sem stendur eftir af því.“

Um er að ræða verbúðina Söxuver en húsið fauk á rafveituhús sem stórskemmdist.

„Svo var olíuskúr úti í þorpi sem splundraðist, gróðurhús og fleira. Svo gekk sjórinn svo mikið yfir að það sprakk einn rafmagnskassi.“

Litlar skemmdir urðu á Norðfirði en rafmagnslínum sló saman og rafmagn fór af um stund. Þá varð lítið tjón á Egilsstöðum.

stefanrafn@frettabladid.is



**Malbikið flettist af vegi í Stöðvarfirði og fauk út á tún.** MYND/BJÖRGVIN VALUR GUÐMUNDSSON





Verbúðin Söxuver splundraðist nær öll og fauk á rafveituhús. MYND/BJÖRGVIN VALUR GUÐMUNDSSON



Vegur við Eskifjörð rofnaði vegna sjóbrots. MYND/FRIÐBERGUR HREGGVIÐSSON




# Þau sem passa upp á okkur



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Níu konur og börn dvöldu í Kvennaathvarfinu yfir jólin. Fréttablaðið greindi frá þessu á þriðjudaginn en þar kom fram að mun fleiri hafa leitað til athvarfsins á árinu sem er að líða en á síðasta ári. Þá höfðu fleiri komið í viðtöl í athvarfið í október en allt síðasta ár. Alls hafa minnst 120 konur dvalið í athvarfinu í ár að sögn Sigþrúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins.

Mikið átak hefur verið gegn ofbeldi byggt á samningi Reykjavíkurborgar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sérstök áhersla hefur verið á heimilisofbeldi. Markmið samningsins var að bæta verklag lögreglunnar og annarra fagaðila í heimilisofbeldismálum.

Yfir jólahátíðina, sem núorðið spannar alla aðventuna og fram að þrettándanum, er oft mikið álag á einstaklingum og heimilum. Neyslukrafan er gríðarleg sem og auknar samfélagslegar kröfur um fullkomleika og yfirgengilegheit. Allt á að vera eins og best verður á kosið, hreint, fínt, nýtt og flott, flottara, flottast. Boðskapurinn um gleði og friðarjól hefur víða týnst. Oft og tíðum verður álagið einhverjum fjötur um fót. Stemningin fer yfir strikið, áfengisneysla eykst og gleðin fær harkalegan endi.

Konurnar sem vinna í Kvennaathvarfinu yfir jólin vinna erfitt og vanþakklátt starf. Í samtali við Fréttablaðið sagði Sigþrúður að fjárframlag til athvarfsins hefði hækkað um rúmar fimm milljónir á nýjum fjárlögum auk þess sem Reykjavíkurborg veitir stuðning. Framlögin duga fyrir daglegum rekstri, launakostnaði og öðru. Það er vel og mikilvægt að neyðarúrræðum eins og Kvennaathvarfinu sé veittur allur sá stuðningur sem þau þurfa á að halda.

**Þau eru til staðar fyrir okkur öll sem skemmtum okkur hringinn í kringum landið. Þau bregðast við litlum og stórum áföllum og eru ávallt reiðubúin.**

En Kvennaathvarfið er langt í frá eina neyðarúrræðið sem þarf að styðja við. Þó ógjörningur sé að telja þau upp svo tæmandi sé verður að minnast á björgunarsveitirnar, sem nú fyrir áramót selja skotelda til að eiga fyrir starfsemi sinni. Hjálpræðisherinn hýsir þá sem ekki eiga í önnur hús að venda yfir jól, Rauði krossinn rekur hjálparsíma, áfallasjóð og fleira. Læknar, hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk vinnur allan ársins hring á bráðadeildum og öðrum deildum, sem og starfsmenn hjúkrunarheimila, sjúkraflutninga, fangelsa, lögreglunnar, Landhelgisgæslunnar og allra annarra sem standa vaktina fyrir okkur hin.

Þau eru til staðar fyrir okkur öll sem skemmtum okkur hringinn í kringum landið. Þau bregðast við litlum og stórum áföllum og eru ávallt reiðubúin. Við hin stöndum í þakkarskuld við þau sem eru til staðar fyrir þá sem verða fyrir áföllum. Hvort heldur sem það er hluti af starfi þeirra eða sjálfboðavinna, þá er það þakkarvert. Við skulum reyna að fara varlega og lifa lífinu fallega. Takk fyrir okkur.


## Heimilislæknir

Vantar þig og þína fjölskyldu heimilislækni?
Get bætt við skjólstæðingum.
Opið fyrir skráningar á næstunni.
Tímapantanir í síma 5631044,
virka daga kl 09-17.



*Sverrir Jónsson, heimilislæknir*
*Domus Medica,*
*Egilsgötu 3, 101 Reykjavík*


**Halldór**




## Frá degi til dags

**Hvers eiga mellur að gjalda?**
Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gerir forsíðumynd Fréttablaðsins að umtalsefni á bloggsvæði sínu. Á myndinni eru forsætisráðherra og fjármálaráðherra að taka við viðurkenningu fyrir viðskipti ársins vegna samnings stjórnvalda við kröfuhafa föllnu bankanna. Myndina kallar hún mellumynd og afsakar þó orðbragðið. „Hér má sjá fjölmiðil koma sér í mjúkinn hjá valdhöfum, sem aftur njóta góðs af hinni jákvæðu birtingarmynd þeirra framan við vörumerki mikilsráðandi fjölmiðils,“ skrifar Ólína. Ekki er óalgengt að fjölmiðlar geri upp árið þegar nær dregur áramótum og veki athygli á ýmsum afrekum og afglöpum ársins. Þá var á bak við valið á viðskiptum ársins dómnefnd óháð ritstjórn blaðsins en hvers eiga „mellurnar“ í dómnefnd að gjalda?

**Ræningjar og bankamenn**
Virkir í athugasemdum fóru mikinn í tengslum við bankaránið í útibúi Landsbankans í Borgartúni í gær. Fjölmargir sögðu glettnislega að þegar væri búið að ræna bankana að innan sumir vörpuðu þessu fram af ögn meiri alvöru og sögðu bankamenn og stjórnmálamenn verri glæpona en bankaræningja af götunni. Það verður nú að teljast einkar ósmekklegt að leggja þetta að jöfnu við ræningja sem ota skotvopnum að bankastarfsmönnum og viðskiptavinum.

stefanrafn@frettabladid.is

# Þriðjungur grunnlífeyris á Norðurlöndum



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Grunnlífeyrir almannatrygginga hér er tæpar 40 þúsund krónur á mánuði. Í grannlöndum okkar, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi, er hann þrisvar sinnum hærri.

Íslendingar voru í fararbroddi í almannatryggingum fyrst eftir stríð. En síðan hefur Ísland stöðugt dregist aftur úr á þessu sviði og í dag rekur Ísland lestina. Hvað veldur? Ástæðan er skeytingarleysi stjórnmálamanna á sviði almannatrygginga. Framámenn í íslenskum stjórnmálum í dag virðast telja, að lífeyrir megi ekki vera hár í samanburði við lágmarkslaun. En þetta er alger misskilningur. Vissulega má lífeyrir aldraðra vera hærri en lágmarkslaun. Það sýnir einfaldlega, að þjóðfélagið vill gera vel við sína eldri borgara.

Röksemd Bjarna Ben. um að lífeyrir megi ekki vera hár, þar eð þá sé enginn hvati til þess að fara út á vinnumarkaðinn, á ekki við um eldri borgara. Eftirlaun verða hins vegar að vera það há, að þau dugi til framfærslu hjá þeim, sem einungis hafa tekjur almannatrygginga. En svo er ekki í dag. Þar vantar mikið upp á. Sú hungurlús, sem ríkisstjórnin skammtar lífeyrisþegum frá 1. janúar breytir hér engu. Lífeyrir aldraðra á að sjálfsögðu að vera svipaður hér og hann er í grannlöndum okkar.

**Í grannlöndum okkar er grunnlífeyrir þrisvar sinnum hærri en hér.**

Jafnhliða stórhækkun grunnlífeyris aldraðra þarf að afnema skerðingu lífeyris hjá TR vegna greiðslna úr lífeyrissjóði. Bjarni fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins lofaði því fyrir síðustu alþingiskosningar að afnema þessa skerðingu. Hann hefur ekki efnt þetta loforð. Það er alvarlegt mál. Stjórnmálamenn geta ekki gefið kjósendum slík loforð án þess að standa við þau. Ef Bjarni efnir ekki þetta loforð strax á hann að segja af sér. Svo einfalt er það. Tekjutengingarnar fara mjög illa með aldraða og öryrkja. Eldri borgari, sem hefur 100 þúsund krónur á mánuði í lífeyri frá lífeyrissjóði, missir sem svarar helmingi þessarar upphæðar frá almannatryggingum. Hvaða réttlæti er í því? Hvers vegna var þessi eftirlaunamaður að greiða í lífeyrissjóð, ef hann nýtur þess ekki, þegar hann er hættur að vinna? Það verður að afnema þessa skerðingu og það verður að afnema hana strax.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Við áramót: Að missa minnið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Hugmyndir manna um muninn á mönnum og skepnum hafa breytzt í tímans rás. Áður var talið að tungumálið skildi okkur mennina frá öðrum tegundum en það er ekki rétt því nú vitum við að þær tala sumar saman með sínum hætti. Á okkar dögum er uppi meðal fræðimanna sú skoðun að uppsöfnuð þekking, þ.e. hæfileiki hverrar kynslóðar til að læra af nýrri reynslu og skila þeirri þekkingu áfram til komandi kynslóða, skilji okkur mennina einna helzt frá öðrum dýrum. Ljónin á sléttum Afríku lifa sama lífi og þau hafa gert um árþúsundir, engin breyting þar. Við mennirnir lifum á hinn bóginn allt öðru lífi en við gerðum jafnvel þegar ég var að alast upp því þá voru lífskjör á Íslandi svipuð og þau eru nú í Kína. Amma mín giftist í Afríku, segi ég stundum. Þegar hún og afi minn byrjuðu að búa í Þingholtunum í Reykjavík á heimastjórnarárunum voru lífskjör á Íslandi svipuð því sem nú gerist í Gönu.

**Að læra af eigin reynslu og annarra**

Einstæður hæfileiki mannsins til að miðla reynslu sinni og þekkingu til komandi kynslóða, m.a. með því að færa reynsluna í letur til varðveizlu, ætti að réttu lagi að tryggja samfelldar framfarir enda er það reglan. Næstum allt sem við gerum í dagsins önn er auðveldara en það væri ef við þyrftum að hefja hvern nýjan dag á byrjunarreit eins og ljónin sem þurfa að hafa jafnmikið fyrir lífinu og þau hafa alltaf gert. Samt geymir saga mannsins mörg dæmi um stöðnun og jafnvel hnignun eins og til að minna okkur á að við eigum það til að missa fótanna og missa jafnvel minnið.

**Bágt að standa í stað**

Lífskjör á Íslandi stóðu í stað að heita má frá lokum þjóðveldis fram á 19. öld og voru að ýmsu leyti lakari en lífskjör voru í Grikklandi og Rómaveldi til forna, a.m.k. á Ítalíu. Margir Grikkir og Rómverjar bjuggu löngu fyrir Kristsburð við ýmis þægindi, t.a.m. rennandi vatn, hestvagna og steinhús, sem Íslendingar byrjuðu ekki að nota fyrr en á 19. og 20. öld. Íslendingar höfðu þó verið í Róm á þjóðveldisöld og kunnu að lesa og skrifa, en það dugði ekki til. Eins er þetta enn víða í fátækum löndum þar sem lífskjör eru mun lakari en þau gætu verið, þar eð fólkinu þar hefur ekki tekizt til fulls að tileinka sér lífshætti hinna sem lengra hafa náð. Víðast hvar er þó uppgangur í þróunarlöndum á okkar dögum. Síðustu ár hefur hagvöxtur á mann verið meiri í Afríku á heildina litið en í öðrum heimsálfum.

**Annaðhvort aftur á bak …**

Sagan geymir einnig dæmi um þjóðir sem fer aftur, ýmist miðað við aðrar þjóðir eða frá fyrri tíð. Við Kristsburð fyrir 2000 árum var Ítalía ríkasta land heims mælt í framleiðslu og tekjum á mann á ári og hélt þeim yfirburðum fram undir aldamótin 1600 þegar Hollendingar skutust upp fyrir Ítala. Bretar skutu síðan Ítölum aftur fyrir sig um 1700 og fóru fram úr Hollendingum um miðja 19. öld. Grikkir, Indverjar og Kínverjar voru hálfdrættingar á við Ítala um 1700 eins og þeir höfðu verið um Kristsburð. Írak, Íran og Tyrkland höfðu enn í fullu tré við Grikkland, Indland og Kína um 1700 líkt og um Kristsburð; hlutföllin héldust svipuð í 1700 ár.

Iðnbyltingin sem hófst á Bretlandi á 18. öld setti strik í reikninginn. Árið 2008 voru tekjur á mann á Bretlandi orðnar næstum fimmtungi meiri en á Ítalíu og næstum helmingi meiri en á Grikklandi. Indverjar og Kínverjar voru hálfdrættingar á við Breta um 1700. Um 1950 var Bretland orðið 11 sinnum ríkara en Indland og 15 sinnum ríkara en Kína enda hafði Kína farið svo aftur sumpart fyrir afglöp keisaranna að lífskjörin þar voru svipuð 1950 og þau höfðu verið 2000 árum áður. Síðasta mannsaldur hefur Kína tekið fjörkipp í krafti efnahagsumbóta. Tekjur á mann þar austur frá hafa 15-faldazt frá 1950 og þá einnig frá fæðingu Krists. Til samanburðar hafa tekjur á mann sjöfaldazt á Indlandi á 2000 árum en ekki nema tvöfaldazt í Írak sem hafði þó staðið nokkurn veginn jafnfætis Indlandi og Kína við Kristsburð. Tekjur á mann í Írak 2008 voru aðeins sjöttungur af tekjum á mann í landinu 1980 þegar Írakar réðust á Íran og háðu þar stríð í átta ár, 1980-1988, og lauk með þrátefli. Flestar tölurnar sem hér eru raktar eru sóttar til Angusar Maddison sem var prófessor í háskólanum í Groningen í Hollandi og birti margar lærðar bækur um málið.

> **Löng skeið stöðnunar eða hnignunar t.d. á Íslandi fram að heimastjórn, í Kína fram til 1978 og í Írak fram á þennan dag minna okkur á hættuna sem vofir yfir þjóðum sem missa fótanna eða missa minnið.**

**… ellegar nokkuð á leið**

Til viðmiðunar hafa tekjur á mann á Bretlandi 25-faldazt frá fæðingu Krists líkt og í Japan á móti 30-földun í Grikklandi, 15-földun í Tyrklandi og 14-földun í Íran. Tekjur á mann á Íslandi og þá um leið lífskjörin hafa 16-faldazt frá heimastjórnarárunum eftir aldamótin 1900. Við erum ekki nema röskar þrjár vikur að vinna okkur inn tekjur sem afar okkar og ömmur eða langafar og langömmur þurftu heilt ár til að afla. Íslendingum tókst á röskum 100 árum að ná árangri sem Íranar og Tyrkir þurftu næstum 2000 ár til að ná. Af því má ráða að þúsund ára stöðnun er hægt að vinna upp á 100 árum eða jafnvel enn skemmri tíma sé vel á málum haldið. Langvinn stöðnun verður þó ekki léttbærari fyrir því, a.m.k. ekki fyrir þá sem fyrir henni verða. Svipaða sögu er að segja frá Suður-Kóreu. Þar voru tekjur á mann litlu meiri í lok heimsstyrjaldarinnar síðari 1945 en við Kristsburð, en þær hafa 30-faldazt frá 1945.

**Sagan skiptir máli**

Löng skeið stöðnunar eða hnignunar t.d. á Íslandi fram að heimastjórn, í Kína fram til 1978 og í Írak fram á þennan dag minna okkur á hættuna sem vofir yfir þjóðum sem missa fótanna eða missa minnið, t.d. ef þær gleyma eða sjá sér stundarhag í að þykjast gleyma dýrmætri reynslu frá fyrri tíð frekar en að færa sér hana í nyt. Nýlegt dæmi er bankakreppa síðustu ára sem rekja má m.a. til þess að menn þóttust ekki lengur þurfa á að halda reynslunni af heimskreppunni 1929-1939 og ráðunum sem dugðu til að sigrast á henni. Annað dæmi er þjóðremban sem gerir nú aftur vart við sig í stjórnmálum sums staðar í Evrópu eins og aðdragandi tveggja heimsstyrjalda sé gleymdur. Eitt dæmi enn er hættan sem steðjar nú að heimsbyggðinni vegna fjölda furðulegra frambjóðenda úr röðum repúblikana sem sækjast eftir að verða forseti Bandaríkjanna að ári skyldi svo illa fara að einhver þeirra næði kjöri.



# Trúin og auðhyggjan



Gunnlaugur Stefánsson
sóknarprestur í Heydölum

Trúarbrögðin eru kjölfesta í menningu þjóða og móta siðrænt gildismat. Á Íslandi er það kristinn siður. Mikið hefur verið fjallað og ritað um kristna trú um aldirnar og meira en flest annað í andlegum efnum. Sömuleiðis hefur fátt verið misnotað meira af mönnum um aldir, en sama trú, og oft verið hafnað með látum. Þá er vandfundin þjóð á spjöldum sögunnar án trúarbragða. T.d. í Norður-Kóreu ríkir valdboðin trú þar sem leiðtoginn er tilbeðinn samkvæmt þrautskipulögðu kerfi. Því hef ég kynnst með heimsókn til landsins.

Um aldir hafa birst stórar fyrirsagnir í orðastað nafntogaðra manna um víða jörð sem lýstu yfir, að trúin væri dauð af því að enginn Guð sé til. Og enn er það boðað og krafist hlýðni við það í þjóðlífinu, jafnvel með opinberu valdboði. Það einkennir þessar fyrirsagnir, að þeim vex helst fiskur um hrygg, þegar auðhyggjan herjar og sumt sýnist í vellystingum á yfirborðinu. Þá getur verið freistandi að afneita Guði. Og einmitt í slíku umhverfi getur kristin trú virst hallærisleg, Guð gamaldags og íhaldssamur, og kirkjan steinrunnin úr takti við sveiflu auðhyggjunnar. Það er mikill munur á því að glíma við mannlega efahyggju og láta sér fátt um Guð finnast, eða eiga sér þá hugsjón æðsta að berjast gegn kirkju og kristinni trú. Hvaða áhrif myndi það hafa á velfarnað okkar, ef afneitun á Guði yrði að heilagri viðmiðun í gildismati þjóðar?

### Glamúrinn í auðhyggjunni

En það er fleira en trúin, sem glamúrinn í auðhyggjunni skekur. Fjölskyldan og innri friður hennar, fólkið sem minnst eða einskis má sín, félagsstarf sem byggir á mikilli alvöru og hvílir á sjálfboðnum störfum, virðing við manngildin og rækt við réttlætið. Og kannski ábyrgðin og þakklætið líka. Það hefur oft sannast, að erfitt getur reynst að lifa allsnægtir af eins og skortinn. Dýrkeypt reynsla okkar af efnahagshruni er til vitnis um það. Hagsældin er dýrmæt, en gerir miklar kröfur um að rækta virðingu við mannréttindi.

Hugsjón kristinnar trúar er að blómga lífið á öllum sviðum, deila kjörum saman og virða lífsrétt allra manna; og flæðir um menningu og stjórnmál. Það er áskorun gegn auðhyggju sem elur á sérgæsku og dekrar við lýðskrumið. Einnig er talsvert áræði fólgið í því að spegla sig í orði Guðs sem kallar til réttlætis og kærleika. Myndin sem birtist þá af sjálfum mér gæti verið löskuð. Er það vont fyrir stundarhagsmuni, einfaldast að neita tilvist Guðs og boða tilbeiðslu á sjálfum sér? Það reyndu sumir leiðtogar heimsins og þóttust samt vera með ástina á vörum, en lyktaði oftast illa og stundum með skelfilegum afleiðingum.

Það skiptir máli hvernig þjóð virðir trú sína og ræktar siðinn.

**Hugsjón kristinnar trúar er að blómga lífið á öllum sviðum, deila kjörum saman og virða lífsrétt allra manna; og flæðir um menningu og stjórnmál. Það er áskorun gegn auðhyggju sem elur á sérgæsku og dekrar við lýðskrumið. Einnig er talsvert áræði fólgið í því að spegla sig í orði Guðs sem kallar til réttlætis og kærleika.**




Á árinu 2015 höfum við hjá Icelandair hótelum tekið á móti fjölmörgum ferðamönnum frá öllum heimshornum. Allir eru á einu máli: Ísland er einstakt og Íslendingar eru höfðingjar heim að sækja.

# Þakkir



**Guðrún Pétursdóttir**
og börn Ólafs Hannibalssonar

Á þessu ári urðum við vitni að slíkri fagmennsku í starfi, að við getum ekki látið árið líða án þess að þakka hana. Reynslan kom ekki til af góðu, banvænn sjúkdómur ástvinar varð ekki umflúinn. Þegar svo var komið að læknandi meðferð dugði ekki lengur, lærðum við um hlutverk hinnar líknandi meðferðar. Um muninn á því að lækna og líkna.

Okkur var bent á að hafa samband við heimahjúkrun í upphafi ársins og leituðum til Karitas ehf., án þess að gera okkur í raun grein fyrir hvaða þjónustu við kæmum til með að þurfa né hvernig henni yrði háttað. Nú, þegar við lítum til baka, dáumst við að hinni fumlausu og hlýju fagmennsku sem einkenndi samskiptin frá fyrstu stund til hinnar hinstu.

Í upphafi kom hjúkrunarfræðingur Karitas einungis til að kanna aðstæður og stöðu mála, líðan okkar allra. Við ræddum meðal annars um það hvað manni bregður við að vera sagt að héðan af muni líknardeildin sinna fjölskyldunni. Líknardeild hljómar eins og endalok. Með mildi þess sem hlustar meira en hann talar útskýrði hjúkrunarfræðingurinn fyrir okkur starf þessarar mikilvægu deildar og þátt líknar í umönnum langveikra, sem við sannarlega áttum eftir að kynnast og læra að meta. Og þökkum nú.

Það fyllir okkur aðdáun að líta yfir þessa mánuði sem við áttum með Karitas og líknardeildinni og sjá í samhengi hvern þátt í þeirra starfi. Hvernig þær – því já, hjúkrunarfræðingar og læknar voru allt konur – stilltu nálægð sína við okkur nákvæmlega eftir þörfum okkar. Hvernig komur þeirra urðu tíðari eftir því sem þörfin jókst og loks mörgum sinnum á dag – og alltaf þegar á þurfti að halda. Og ekki bara þegar á þurfti að halda, heldur eins og á þurfti að halda. Þvílík fagmennska: kunnátta, skilningur, reynsla, öryggi – og síðast en ekki síst hjartahlýja.

Þær gáfu okkur öllum sjálfstraust til að takast á við þetta erfiða verkefni, töldu í okkur kjark, hvöttu okkur til dáða og stóðu við bakið á okkur, alltaf innan seilingar. Sem varð til þess að fjölskylda og vinir nýttu tímann til hins ýtrasta og eignuðust ómetanlegar minningar um samveru og nánd allt til hinstu stundar. Minningar sem hafa gefið okkur styrk til að mæta breyttum veruleika. Minningar sem þetta dásamlega fagfólk gerði okkur kleift að eignast.

Við þökkum ykkur Karitas og líknardeild og biðjum ykkur blessunar í öllu ykkar starfi. Við þökkum íslensku samfélagi fyrir að svona þjónusta skuli vera til hér á landi. Þeir sem reynt hafa, vita hvaða máli þessi þjónusta skiptir, hún er ekki sjálfsögð og það verður að standa vörð um hana.

**Við þökkum ykkur Karitas og líknardeild og biðjum ykkur blessunar í öllu ykkar starfi. Við þökkum íslensku samfélagi fyrir að svona þjónusta skuli vera til hér á landi. Þeir sem reynt hafa, vita hvaða máli þessi þjónusta skiptir, hún er ekki sjálfsögð og það verður að standa vörð um hana.**




Við viljum þakka landsmönnum fyrir að taka vel á móti gestum okkar og hlökkum til að sjá ykkur á Icelandair hótelunum á komandi ári.

Gleðilegt nýtt ár!

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# Árið 2015 séð með augum Halldórs Baldurssonar




































# Hlýjar hátíðarkveðjur

Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, sendir landsmönnum öllum hlýjar óskir um gleðilega hátíð með þakklæti fyrir árið sem er að líða.

Það eru ótal tækifæri í kortunum fyrir Reykjanesið á nýju ári og við munum halda áfram að efla blómlegt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs á Ásbrú.

ÁSBRÚ

Upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is




Kadeco®

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar

Sími 425 2100 | www.kadeco.is

PIPAR\TBWA • SÍA


PFF... ENN EITT DÆMIÐ UM ROFIÐ Á MILLI SKYNJUNAR OG RAUNVERULEIKA HJÁ ÞESSARI ÞJÓÐ.
ÉG VIL TIL NOREGS
PSYCHO ANALYST SIMMI
ÞJÓÐIN


BARA AÐ VARA YKKUR VIÐ ...EF ÍSLAND-TÉKKLAND VERÐUR EKKI Í BEINNI Á FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ, ÞÁ SEGI ÉG AF MÉR SEM FEMINISTI.


GUFUNES-KIRKJUGARÐ TAKK!
HÚSDÝRAGRAFREITUR


HÚSDÝRAGARÐURINN


LÖGREGLAN Á VESTURLANDI
POLICE
HELDURÐU AÐ ÞÉR SÉU NOKKUÐ SANNAR ÞESSAR ÞJÓÐSÖGUR UM AÐ LÖGREGLAN Á VESTURLANDI KOMI OG TAKI MANN, EF MAÐUR SPILAR EKKI EITTHVAÐ SEM ALLIR KUNNA MEÐ SÁLINNI
EXTREME CHILL


MIG LANGAR AÐ TEIKNA MÚHAMEÐ
EN ÞAÐ MÁ EKKI.
ÞANNIG AÐ ÉG ÆTLA AÐ TEIKNA KONU.
ALLSBERA, ÞANNIG ERU ÞÆR FALLEGASTAR
OG HÚN ER FEMINISTI. AF ÞVÍ ÞANNIG ERU ÞÆR BESTAR.
–AÐ FÁ SÉR STYRK TIL AÐ BÚA TIL BÍÓMYND, AF ÞVÍ HÚN Á KYNJAKVÓTA.
TYPPAFÝLU-FEÐRAVELDIS-SVÍN!!!
OK. EITTHVAÐ ANNAÐ ÞÁ.


NEI VIÐ SCHENGEN
NEI VIÐ EES
BJÓRBANN VAR HÉR


NEINEI – EKKI OPNA EINOKUNARMARKAÐINN! OKKUR FINNST BARA GOTT AÐ VERA MEÐ ÞESSI LEGUSÁR.
ÍSLENSKUR


ÞÝÐIR ÞETTA AÐ HANN ÆTLI AÐ BJÓÐA SIG AFTUR FRAM?


ÞVÍ BETUR SEM ÉG KYNNIST KRÓNUNNI MINNI, ÞEIM MUN MEIRA LANGAR MIG AÐ EIGA BANKAREIKNING ERLENDIS.
PUB




THE FREE WORLD DO NOT CROSS




# Í sambandi – allar hátíðarnar

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

## Gleðilega hátíð!

**Símanúmer þjónustuversins er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is**

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og hafa séð um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins frá því að OR var skipt upp 1. janúar 2014.

VEITUR




**Icelandair þakkar samfylgdina á árinu sem er að kveðja**

Við þökkum ykkur viðskiptin á árinu og hversu vel og vinsamlega þið tókuð á móti erlendum ferðamönnum sem heimsóttu landið okkar. Okkar bestu óskir um farsælt nýtt ár. Við hlökkum til að taka flugið með ykkur á nýju ári.

Við gleðjumst nú á góðri stund
er gamalt kveður ár.
Við minnumst þess með léttri lund
og leiftra bros og tár.

Og bak við stjörnubjarta nótt
þar blika draumalönd.
Við föllumst nú í faðma tvö
og fljúgum hönd í hönd.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 77915 12/15

Hið liðna, ljúfri eftirsjá,
er lagt í dýran sjóð.
En okkur ber ný ósk og þrá
um ævintýraslóð.

Og bak við stjörnubjarta nótt
þar blika draumalönd.
Við föllumst nú í faðma tvö
og fljúgum hönd í hönd.

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# INNLENDUR FRÉTTAANNÁLL Í MYNDUM




**Bátar losnuðu í Reykjavíkurhöfn í aftakaveðri þann 8. desember. Alvarlegustu útköllin voru hins vegar í Vestmannaeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Halldór Ásgrímsson var borinn til grafar 28. maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Lögreglumenn mótmæltu kjörum sínum við Stjórnarráðið þann 2. október.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR



**Ferðamenn hægðu sér og köstuðu af sér vatni á víðavangi á Þingvöllum í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Gleðilegt
nýtt reyklaust ár
Nicorette auðveldar þér
að hætta að reykja
nicorette
nicotin
Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsogstöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsogstöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsogstöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. Varnaðarorð: Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslyf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxýbensóat og própýlparahýdroxýbensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan öndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmigu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). Aðgát í návist barna: Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðganga og brjóstagjöf: Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.
Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.
IS/NIC/2013-12-A-1

# INNLENDUR FRÉTTAANNÁLL Í MYNDUM



**Brjóstin voru beruð í Laugardalslauginni þann 26. mars í kjölfar #FreeTheNipple-byltingarinnar á Twitter.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Malín Brand var handtekin ásamt systur sinni, Hlín Einars, eftir fjárkúgunartilraun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Íslendingar kröfðust þess í október að hin albanska Telati-fjölskylda fengi að setjast að hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Skaftárhlaup hófst þann 29. september síðastliðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson fundaði með David Cameron, forsætisráðherra Breta, þann 28. október.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Tveir menn létust í flugslysi á Reykjanesi þann 12. nóvember og var tiltækt björgunarlið sent á staðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Stendur undir stærstum hluta kostnaðar**

**Flugeldasala er ein mikilvægasta fjáröflun björgunarsveita og stendur í sumum tilvikum undir 80-90% af kostnaði við reksturinn.**

**BLS. 4**


















**FJÖLSKYLDAN** Guðni ásamt konu sinni og börnum. Elsta dóttirin var fjarri góðu gamni. MYND/GVA

# SAGAN RÆÐST AF NÝÁRSÁVARPINU

**ÁRAMÓT** *Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur bíður spenntur eftir nýársávarpi forsetans eins og margir aðrir. Ekki að ástæðulausu þar sem hann situr þessa dagana og skrifar bók um forseta lýðveldisins.*

Framhald bókarinnar mun ráðast af ákvörðun forsetans. Hættir Ólafur Ragnar Grímsson í vor eða ákveður hann að vera áfram? Bókin á að koma út á vormánuðum og þess vegna hefur það töluverða þýðingu fyrir lokakaflann hvaða ákvörðun forsetinn tekur. „Langt er síðan ég fór að pæla í þessu verkefni,“ segir Guðni. „Það hefur svo sem ekkert komið mér sérstaklega á óvart nema kannski að oft finnst okkur að hlutirnir eigi að hafa gerst eins og sagan segir. Þegar kafað er dýpra sér maður að hlutirnir eru oft duttlungum háðir og hefðu getað farið öðruvísi,“ útskýrir Guðni.

**SPENNANDI VETUR**

Þegar hann er spurður hverju hann búist við í ávarpinu, svarar hann: „Ég veit það ekki. Ætli það sé ekki bara forsetinn og hans nánustu sem vita framhaldið. Ólafur Ragnar er einn þeirra stærstu í íslenskri stjórnmálasögu síðustu áratuga og kann þá list að halda spilunum þannig að enginn sér á þau. Hvernig sem ferlinum lýkur og hvenær þá er víst að þetta voru sögulegir tímar.“

Guðni segir að ef forsetinn ákveður að hætta í vor megi búast við mjög spennandi vetri. „Já, þetta verður ansi spennandi. Það eru margir sem sýna embættinu áhuga. Sitjandi forseti er þó alltaf sigurstranglegur ef hann gefur kost á sér áfram.“

**SKAUP EÐA ÁVARP?**

Hvort ertu spenntari fyrir áramótaskaupinu eða nýársávarpinu?

„Aldrei þessu vant held ég að þetta verði svo- ▶






Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


8 rétta
hlaðborð
í hádeginu
TILBOÐ
KR. 1.790.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar.
Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022
kinahofid.is



GULL BYLGJAN





**MIKIÐ AÐ GERA** Það er mikið að gerast hjá Guðna þessa dagana. Tvær bækur í smíðum meðfram kennslu í Háskóla Íslands. MYND/GVA

▶ lítið jafnt. Yfirleitt eru nýársávörpin ekki hlaðin spennu þótt þau séu fróðleg og flytji merkan boðskap. Núna gæti þetta horft öðruvísi við. Árið hefur verið ansi farsakennt þannig að maður hlakkar líka til að sjá áramótaskaupið. Umsjónarmenn Skaupsins hafa haft úr nægu að moða þetta árið,“ segir Guðni.

Þegar hann er spurður hvort þetta hafi verið óvenjulegt ár í stjórnmálunum, svarar hann því bæði játandi og neitandi. „Maður hefur á tilfinningunni að síðustu ár hafi verið óvenju átakasöm í stjórnmálum en það hefur oft áður verið tekist harkalega á hér á landi. Ef mönnum finnst ýmislegt ljótt sagt í dag ættu þeir að horfa til fjórða áratugar síðustu aldar. Þá var nú málfarið engu betra. Okkur hættir til að finnast allt í nútímanum óvenjulegt sem er ekkert endilega.“

### HVAÐ MEÐ SAMFÉLAGSMIÐLANA?

„Jú, nú höfum við Facebook og Twitter sem hafa gjörbreytt möguleikum fólks til að setja skoðun sína fram til góðs eða ills. Það væri gaman að vita hvaða hug almenningur bar til alþingismanna snemma á síðustu öld. Erfitt er að ráða í það. Það getur líka orðið erfitt í framtíðinni þar sem ofgnóttin er á netinu og sumt er bara suð. Líklegast verður hægt að finna aragrúa heimilda um búsáhaldabyltinguna á samfélagsmiðlum en það verður tímafrekt að velja það nothæfa úr. Svo er enginn hægðarleikur að finna allt á netinu þótt sagt sé að það gleymi engu.“

### BJARTSÝNN 2016

Hvernig blasa stjórnmálin við þér á nýju ári? „Það er nógu erfitt að spá um fortíðina þótt maður glími ekki við framtíðina líka. Við getum verið örugg um að það verða forsetakosningar sem munu setja svip sinn á árið. Seinni hluti kjörtímabils þessarar stjórnar er runninn upp en þá verða menn oft framkvæmdaglaðari og gjafmildari. Maður yrði ekki hissa þótt fylgi stjórnarflokkanna ykist að sama skapi og að Píratar fengju meiri mótbyr. Allt er þetta þó sagt án ábyrgðar,“ svarar Guðni.

Hann er þó bjartsýnn á nýtt ár og segir að það leggist vel í sig. Guðni er að vinna að annarri bók, ævisögu Eggerts Claessen, sem kemur út síðar á árinu. „Eggert var mikill mógúll í íslensku viðskiptalífi. Hann var bankastjóri Íslandsbanka, stjórnarformaður Eimskipafélagsins og átti frumkvæði að stofnun Vinnuveitendasambandsins. Hann var fyrsti hæstaréttarlögmaðurinn ásamt Sveini Björnssyni. Saga Eggerts er öðrum þræði saga um upphaf kapítalisma á Íslandi og vitnisburður örra breytinga hér á landi,“ útskýrir Guðni sem jafnframt kennir sagnfræði við Háskóla Íslands. „Kennsla og rannsóknir eru mínar ær og kýr,“ segir hann.

### ENGINN RAKETTUKARL

Þessa dagana er Guðni í fríi frá háskólanum og nýtur þess að vera með fjölskyldunni. Áramótunum eyðir hann heima. „Ég er lítill rakettukarl. Finnst rútína skemmtilegri en hasar. Ég vil bara sitja úti í horni með góða bók. Ég neyðist þó til að kaupa lítinn fjölskyldupakka fyrir börnin,“ segir Guðni sem á fimm börn. Elsta dóttirin, Rut, er 21 árs. Hún er í háskólanámi erlendis en hana eignaðist Guðni með fyrri konu sinni. Núverandi eiginkona Guðna er Eliza Reid frá Kanada en þau eiga fjögur börn á aldrinum 8, 6, 4 og 2 ára sem heita Duncan, Donni, Sæþór og Edda. Það er því mikið fjör á heimilinu. „Maður á þá ósk heitasta á nýju ári að allir verði við góða heilsu og líði vel. Allt annað er aukaatriði.“

Guðni segist ekki vera góður kokkur. „Konan mín er mikill matgæðingur og sér um þá hlið. Hún hefur ekki enn ákveðið hvað verður í matinn í kvöld. Það er engin sérstök hefð hjá okkur. Sjálfur ólst ég upp við londonlamb á aðfangadag og hangikjöt á jóladag. Ég ólst upp við mjög gott atlæti á jólum en foreldrar mínir voru mjög heimakær, eins og ég er sjálfur. Ég fékk alltaf bækur í jólagjöf. Á síðustu árum hefur það breyst enda vita allir að ég er með bókastafla allt í kringum mig.“

### Í FRAMBOÐ?

Það verður ekki hjá því komist að spyrja Guðna hvort hann hafi sjálfur íhugað að bjóða sig fram til forseta en nafn hans hefur heyrst í því sambandi. „Ég geri ekki ráð fyrir því. Sumir vinir mínir hafa spurt að þessu. Ég segi hins vegar eins og Ólafur landlæknir svaraði eitt sinn í væntanlegum forsetakosningum: „Jú, það hafa menn komið að máli við mig en þeir eru svo miklu fleiri sem hafa ekki gert það.““

En ef það yrðu nú rosalega margir sem myndu skora á þig?

„Ef, ef og ef. Þá myndi ég þurfa að breyta öllum mínum plönum.“ ■ **elin@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Gleðilegt nýtt ár
# Þökkum viðskiptin á liðnu ári

Frón – kemur við sögu á hverjum degi

emobi – bara gott verð

Tékk Kristall

Flash

BYKO – GERUM ÞETTA SAMAN

BYKO – GERUM ÞETTA SAMAN

COSMO Kringlunni

SS fremstir fyrir bragðið

MYCONCEPTSTORE

LÍNAN

ZIKZAK – TÍSKUHÚS

SONAX

FINNSKA BÚÐIN

ARCTIC TRUCKS

Lín DESIGN

HEIMKAUP

black pepper FASHION

My Style tískuhús

ora – Ástríða í matargerð

BERNHARÐ LAXDAL – Laugavegi 63 • S: 5514422

belladonna

Ríta

icepharma

hjá Hafnhildi – Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

IceCare – Þín heilsa

HÚSASMIÐJAN






**GÆFUSPOR** „Sameining þessi var mikið gæfuspor og hefur gert skipulag björgunarmála mun skilvirkara,“ segir Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri Landsbjargar. MYND/VILHELM

# HRYGGJARSTYKKIÐ Í LEIT OG BJÖRGUN

**ANNASAMUR TÍMI** *Slysavarnafélagið Landsbjörg var stofnað árið 1999 og gegnir mikilvægu hlutverki í slysavarnastarfi, leit og björgun. Um 4.000 manns eru til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring. Flugeldasala hefur löngum verið helsta tekjulind hverrar björgunarsveitar.*

Mikið mæðir á félagsmönnum Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir hver áramót en félagið er landssamtök björgunarsveita, slysavarna- og kvennadeilda og unglingadeilda á Íslandi. Slysavarnafélagið Landsbjörg var stofnað árið 1999 með samruna Landsbjargar (Landssambands hjálparsveita skáta og Landssambands flugbjörgunarsveita) og Slysavarnafélags Íslands. Um leið urðu til ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félögum.

Við sameininguna urðu til ein öflug samtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi, að sögn Jóns Svanbergs Hjartarsonar, framkvæmdastjóra félagsins, en fyrir stofnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru landssamtökin þrenn talsins. „Sameining þessi var mikið gæfuspor og hefur gert skipulag björgunarmála mun skilvirkara þar sem allar björgunarsveitir á Íslandi eru nú sameinaðar í einum samtökum.“

### MIKILVÆGASTA FJÁRÖFLUNIN

Flugeldasala hefur löngum verið helsta tekjulind hverrar björgunarsveitar, að sögn Jóns Svanbergs, og því skiptir stuðningur almennings og fyrirtækja öllu máli. „Björgunarsveitir landsins eru allar fjárhagslega sjálfstæðar og reknar að mestu leyti fyrir sjálfsaflafé. Það þýðir að hver sveit þarf að afla fjár fyrir tækjum sínum, búnaði, menntun og þjálfun meðlima auk rekstrarkostnaðar.“

Það kostar mikið fé að halda úti öflugu starfi, að sögn Jóns Svanbergs, þrátt fyrir að öll vinnan sé í höndum sjálfboðaliða. „Flugeldasalan hefur í gegnum árin verið mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitanna og stendur hún í sumum tilvikum undir 80-90% af kostnaði við reksturinn. Stuðningur almennings og fyrirtækja skiptir því höfuðmáli fyrir starf sveitanna og má segja að sá stuðningur sé í raun forsenda fyrir því að hægt sé að halda úti þessu öfluga starfi um allt land.“

### FJÖLBREYTT VERKEFNI

Verkefni björgunarsveita landsins eru fjölbreytt og af öllum stærðum og gerðum. „Helstu verkefni okkar eru slysavarnastarf, leit og björgun. Á útkallsskrá björgunarsveita eru ríflega 4.000 manns til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring og sinna þeir um 1.500 verkefnum árlega. Þau eru af ýmsum toga; allt frá bifreiðum föstum í snjó upp í umfangsmiklar aðgerðir; t.a.m. vegna óveðurs, leitir að týndum einstaklingum, erfiðar bjarganir, t.d. á jökli, náttúruhamfarir og fleira. Flest verkefni björgunarsveita spanna nú allt árið en yfir vetrartímann eru auðvitað fleiri verkefni er tengjast slæmu veðri, svo sem ófærð og foki.“

Það er mjög verðmætt að eiga svona fjölmenn samtök sjálfboðaliða sem sinna jafn erfiðum verkefnum, að sögn Jóns Svanbergs. „Ísland er stórt og strjálbýlt land þar sem náttúruöflin eru oft óblíð. Sökum þessa þarf oft meira viðbragð við ýmsum atvikum en opinberir aðilar geta sinnt með góðu móti. Þess má líka geta að Ísland er herlaust land en það er víða liðið sem kallað er til þegar þörf er á miklum mannskap. Án þess að aðra viðbragðsaðila sé hallað er óhætt að fullyrða að sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar séu hryggjarstykkið hvað varðar leit og björgun á Íslandi og erfitt að ímynda sér samfélagið án þeirra.“

**4.000 TIL TAKS**
„Á útkallaskrá björgunarsveita eru ríflega 4.000 manns til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring og sinna þeir um 1.500 verkefnum árlega.“






# FRÉTTABLAÐIÐ

# 61,1%

**íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.***

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.






Skv. prentmiðlakönnun Gallup, júlí–sept. 2015.




Allt sem þú þarft ...

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 77,5 m2 þriggja herbergja íbúð á góðum stað í Hraunbæ. Íbúðin er laus. Langtímaleiga. Fyrirspurnir óskast sendar á leigufelagid@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**908 5500 - SÍMASEX**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

**- Ertu að leita að spennandi og fjölbreyttri vinnu?**
**- Ertu tilbúin að læra nýja hluti í lifandi vinnuumhverfi?**
**- Ef svo er viljum við endilega heyra frá þér**

Ás styrktarfélag leitar eftir starfsmönnum til að aðstoða fatlað fólk sem býr í heimahúsum. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf í vaktavinnu, strax eða eftir nánara samkomulagi. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

Frekari upplýsingar veitir Hrafnhildur Þórðardóttir í síma 859-5912. Atvinnuumsókn sendist á **hrafnhildur@styrktarfelag.is.**

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Eflingar.

---

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

---

# ÚTBOÐ

## ARNARHVOLL - endurbætur og breytingar innanhússframkvæmdir 2. áfangi - 1. og 2. hæð vesturhluti - Útboð 20214

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við endurinnréttingu á 1. og 2. hæð vesturálmu Arnarhvols, alls á um 710 m². Endurgerð skal vera í samræmi við það sem áður hefur verið gert við vesturhluta 3. hæðar en mikilvægt er að samsvörun verði í framkvæmdunum samanber verklýsingar og efnisval hönnuða.
Svæðið sem endurinnrétta á hefur verið undirbúið á þann hátt að það er tilbúið til innréttingar. Þegar er lokið niðurrifi á innréttingum, gólfefnum og loftaefni. Einnig er búið að flota gólf.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gifsinnveggir og klæðningar | 310 m² |
| Glerjaðir innveggir og glerskilrúm | 130 m³ |
| Gifsloft og loftakerfi | 180 m² |
| Einangruð og dúkklædd loft | 453 m² |
| Málaðir veggfletir og loft | 1300 m² |
| Parketlagðir gólffletir | 644 m² |

Vettvangsskoðun verður haldin mánudaginn 11. janúar 2016 kl. 11:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 31. maí 2016.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 5. janúar 2016 . Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum þriðjudaginn 19. janúar 2016 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

---

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson, lögg. fast. — Ásmundur Skeggjason, lögg. fast. — Brynjar Baldursson, sölufulltrúi — Jóhann Friðgeir Valdimarsson, sölufulltrúi — Kristinn Tómasson, lögg. fast. — Árni Þorsteinsson, sölufulltrúi

**Fyrir fólk á fasteignamarkaði**

*Óskum viðskiptavinum okkar*
*og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs.*
*Þökkum viðskiptin á liðnu ári*

---

# VERSLUNARHÚSNÆÐI ÓSKAST

**Alþjóðleg veitingakeðja óskar eftir húsnæði.**

Vinsæl og ört vaxandi alþjóðleg veitingahúsakeðja óskar eftir góðu verslunar- og veitingahúsnæði miðsvæðis í Reykjavík.

Húsnæðið má vera á bilinu 120-250 fermetrar.

Horft er sérstaklega á póstnúmer 101, 105 eða 108, td. Laugaveg, Borgartún, Faxafen, Skeifuna eða Suðurlandsbraut.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**
Úlfar Þór Davíðsson, fasteignasali í síma 897 9030, ulfar@fastborg.is
og Gunnlaugur Þráinsson, sölufulltrúi í síma 844 6447, gunnlaugur@fastborg.is.

BORG
FASTEIGNASALA

---

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Grensásvegi 11 - 108 Reykjavík - Sími 588-9090 - eignamidlun@eignamidlun.is

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS


Sigrún Stella Einarsdóttir
Löggiltur fasteignasali.


Sigurður Nathan Jóhannesson
Aðstoðarmaður fasteignasala í námi til löggildingar.

# Kæru viðskiptavinir og landsmenn allir, gleðilegt ár 2016

## BARÐASTAÐIR
EINBÝLI Á EINNI HÆÐ



Glæsilegt einbýli sem byggt var árið 2000 á einni hæð með innbyggðum bílskúr og sólskála. Stór sólpallur sem snýr til suðurs og vesturs. Á pallinum er heitur pottur. Fallegt útsýni. Húsið er skráð 172,4 fermetrar og þar af er bílskúr 38,3 fermetrar. VANDAÐAR INNRÉTTINGAR OG GÓLFEFNI.

## GRASARIMI
RAÐHÚS



Mjög fallegt 193,7 m2 raðhús á tveimur hæðum við Grasarima. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, forstofu, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu og bílskúr. MJÖG FALLEGAR INNRÉTTINGAR OG GÓLFEFNI.

## FRÓÐENGI
5 HERBERGJA ÍBÚÐ



Stór 145 FM., fimm herbergja íbúð á efstu hæð með bílastæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er á tveim hæðum og hefur nánast öll verið endurnýjuð á seinustu árum. Sameign og húsið sjálft hefur fengið gott viðhald. TVENNAR SUÐURSVALIR.

## LOGAFOLD
EINBÝLI



Bjart og fallegt 304,3 fm einbýlishús þar með talinn 50 fm bílskúr. Fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, borðstofa og stofa, fallegt og stórt eldhús með innréttingu úr kirsuberjavið. GLÆSILEGUR OG FULLBÚINN GARÐUR MEÐ SÓLPÖLLUM.

**Til Fasteignamiðlunar Grafarvogs leita þeir sem vilja búa í Grafarvogi og nágrenni. Við erum ávallt með góðan kaupendalista. Á nýju ári óskum við eftir eftirfarandi eignum á skrá fyrir mjög ákveðna viðskiptavini:**

- 5 herbergja íbúð á fyrstu hæð með bílskúr í Engjahverfi, Borgahverfi eða Víkurhverfi. Má vera raðhús í sömu hverfum.
- 4. herbergja íbúð með sér inngangi, helst á 1.hæð eða í litlu fjölbýli, öll hverfi koma til greina.
- 3. herbergja íbúð með bílskúr, öll hverfi koma til greina.
- 3. herbergja íbúð í Sóleyjarima fyrir 50 ára og eldri eða í Rimahverfi í göngufæri við Félagsmiðstöðina Borgir.
- 2. herbergja íbúð má vera hvar sem er í Grafarvogi og Grafarholti.
- Atvinnuhúsnæði 150-250 fermetrar

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is




# Gleðilega hátíð

Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleði og friðar á jólum og gæfuríks komandi árs.
Þökkum fyrir ánæguleg samskipti á liðnum árum og hlökkum til frekari samskipta á nýju ári.

**Jólakveðja, starfsfólk Heimili fasteignasölu.**

heimili fasteignasala
á traustum grunni

Suðurlandsbraut 22 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili.is




365.is | Sími 1817
365

## Árið kvatt




# Brennur á höfuðborgarsvæðinu

Fjölmargar brennur, stórar og smáar, eru á höfuðborgarsvæðinu í ár. Í Reykjavík eru stórar brennur við Ægisíðu, Geirsnef, Rauðavatn og Gufunes. Gestir eru beðnir um að vera ekki með skotelda við brennurnar þar sem mannfjöldi er. Stjörnuljós og blys eru barnvænni kostur. Á meðfylgjandi korti má sjá hvenær eldur verður borinn að köstunum.



Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is


Extra WHITE x25 SWEET MINT
Extra x25 SPEARMINT
Extra WHITE x25 SWEET FRUIT FLAVOUR
Extra PROFESSIONAL WHITE x21 SPEARMINT
Extra x25 EUCALYPTUS
Extra PROFESSIONAL x21
Extra x25 ORANGE FLAVOUR
Extra WHITE x25 MELON MINT FLAVOUR
Extra x25 SALTY LICORICE
Extra x25 BUBBLEMINT
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S Extra®
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# Myndagáta Fréttablaðsins 2015




**SKILAFRESTUR TIL 13. JANÚAR**

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum. Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða á netfangið myndagata@frettabladid.is. Dregið verður úr réttum lausnum og í vinning er gjafakort fyrir tvo á sýningu að eigin vali í Borgarleikhúsinu. ***Lausnum skal skilað í síðasta lagi 13. janúar 2016.***

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ Í ICELAND UM ÁRAMÓTIN

**31. DESEMBER, GAMLÁRSDAGUR:**
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

**1. JANÚAR, NÝÁRSDAGUR:**
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*

## Gleðilega hátíð, starfsfólk Iceland

Iceland



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Afgreiðslutímar um áramótin

## Læknisþjónusta, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Kvennaathvarf

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** Landspítala 543-1000
**Beint innval á slysadeild í Fossvogi** 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
**Gamlársdagur *9-18*** og ***20.30-23***
**Nýársdagur *9-23.30***

**Vitjanasími 1770**
**Gamlársdagur *8-00.00***
**Nýársdagur *8-00.00***
**Símaráðgjöf 1770** (opið allan sólarhringinn alla dagana)

**Neyðarlínan**
**Neyðarsíminn** 112 er opinn allan sólarhringinn og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður hann opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðarnar. Fólki er bent á Neyðarmóttöku og Kvennaathvarfið.

**Kvennaathvarfið**
Opið allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-12-05
SÁÁ göngudeild
**Gamlársdagur *Opið 9-12***
Bent er á slysa- og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarlegt slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir hátíðarnar.
**Gamlársdagur *Opið 9-11*** hjá Hallfríði Gunnsteinsdóttur.
**Nýársdagur *Opið 10-12*** hjá Hlyni Þór Auðunssyni.
**Laugardagur 2. janúar og sunnudagur 3. janúar *Opið 10-12*** hjá Úlfi Guðmundssyni.

## Apótek

**Lyfja**
**Gamlársdagur**
***Opið 8-18*** Afgreiðslustaðir Lyfju Lágmúla og á Smáratorgi.
***Opið 9-12*** Laugavegur, Keflavík, Selfoss.
***Opið 10-12*** Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Eskifjörður, Grindavík, Húsavík, Höfn, Ísafjörður, Neskaupstaður, Nýbýlavegur, Reyðarfjörður og Sauðárkrókur.
***Opið 11-12*** Hvammstangi.

**Nýársdagur**
***Opið 9-24*** Lyfja Smáratorgi.
***Opið 10-24*** Lyfja Lágmúla.

**Árbæjarapótek**
**Gamlársdagur *Opið 9-12***

**Lyfjaval**
**Gamlársdagur *Opið 9-12*** Lyfjaval Álftamýri, Mjódd og í Keflavík (Apótek Suðurnesja).
***Opið 10-14*** Bílaapótek.
***Lokað á nýársdag*** á öllum stöðum.

**Lyfjaver**
**Gamlársdagur *Opið 8.30-12***
***Lokað á nýársdag.***

## Samgöngur, sundlaugar, stórmarkaðir, söfn

**SAMGÖNGUR**
**Gamlársdagur** Strætó á höfuðborgarsvæðinu ekur samkvæmt áætlun til um kl. 15. Ath. leiðir 2, 3, 4, 5,11, 12, 13, 14,15, 18,24,28 og 35 aka á hálftíma tíðni milli kl 12 og 15.
**Nýársdagur** Ekið samkvæmt sunnudagsáætlun.
Nánari upplýsingar á ***straeto.is***

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Gamlársdagur**
***Opið 6.30-11*** Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug og Sundhöll Hafnarfjarðar.
***Opið 8-12*** Sundlaug Kópavogs, Sundlaugin Versölum og Lágafellslaug.
***Opið 8-12.30*** Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllin, Vesturbæjarlaug og Seltjarnarneslaug.
***9-12*** Varmárlaug.
***10-12.30*** Klébergslaug.

**Nýársdagur**
***Opið 12-18*** Laugardalslaug.
Lokað í öðrum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

**STÓRMARKAÐIR**
**Bónus**
**Gamlársdagur *Opið 10-15***
**Nýársdagur *Lokað***

**Hagkaup**
**Gamlársdagur**
***Opið til 16.*** Verslanir Hagkaupa í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Eiðistorgi og Akureyri.
***Opið til 15.*** Aðrar verslanir Hagkaupa.
**Nýársdagur**
***Opnað kl. 11*** í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Eiðistorgi og Akureyri.
Lokað í öðrum verslunum Hagkaupa.

**Krónan**
**Gamlársdagur** Opið 9-15
**Nýársdagur** Opið 10-20 í Árbæ, Breiðholti, Hamraborg, Hvaleyrarbraut og Nóatúni 17.

**Nettó**
**Gamlársdagur** Opið 10-15
**Nýársdagur** Lokað

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur**
Hafnarhús
**Gamlársdagur** Opið 10-14.
**Nýársdagur** Opið 13-17.

**Listasafn Íslands**
Lokað á gamlársdag og nýársdag.

**Þjóðminjasafn Íslands** við Suðurgötu **og Safnahúsið** við Hverfisgötu
**Gamlársdagur *Opið 10-14.***
**Nýársdagur *Opið 10-14***

**Hafnarborg *Lokað til 2. janúar.***

....LIFUN



# TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

## 12. FEBRÚAR Í ELDBORG

**Miðasala á tix.is, miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.**

HARPA DÆGURFLUGAN



Eygló Ósk náði sögulegum árangri á árinu sem er að líða. Hér er hún með verðlaunagripinn sem fylgir sæmdarheitinu Íþróttamaður ársins. MYND/DANÍEL RÚNARSSON

# Leyfi nýju ári að koma á óvart

**Íþróttamaður ársins var útnefndur í 60. sinn í gær og hlaut sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir sæmdarheitið í ár. Hún braut blað í íþróttasögu Íslands á árinu sem er að líða og stefnir enn hærra á næsta ári.**

**ÍÞRÓTTIR** Eygló Ósk Gústafsdóttir var í gærkvöldi útnefnd íþróttamaður ársins og er hún fimmta íþróttakonan sem hlýtur sæmdarheitið í 60 ára sögu kjörsins sem Samtök íþróttafréttamanna standa að.

Annar í kjörinu varð knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson. Önnur sundkona, Hrafnhildur Lúthersdóttir, varð þriðja.

„Ég á ekki til orð. Þetta er ekkert smá mikill heiður,“ sagði Eygló Ósk í viðtali við RÚV en hún var ekki viðstödd hófið.

### Ólympíulágmarkið var hvatning

Árið 2015 var frábært fyrir Eygló Ósk. Það byrjaði á því að hún bætti Norðurlandametið í 200 m baksundi á opna danska meistaramótinu í mars en um leið varð hún fyrst Íslendinga til að vinna sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum 2016 í Ríó.

„Eftir þetta hugsaði ég með mér að ég ætlaði að gera enn betur og klára árið með stæl,“ sagði hún en eftir frábæran árangur á bæði Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug og Smáþjóðaleikunum, sem fóru fram hér á landi, náði hún, ásamt Hrafnhildi, að brjóta blað í sundsögu Íslands þegar þær urðu fyrstu íslensku sundkonurnar til að komast í úrslit á HM í 50 m laug. Það gerðu þær í Kazan í Rússlandi í ágústbyrjun.

### Hausinn í rugli

Stærsta afrekið vann hún þó í lok ársins þegar Eygló Ósk keppti á Evrópumeistaramótinu í 25 m laug í Ísrael. Þar varð hún fyrsta íslenska konan til að vinna til verðlauna á stórmóti er hún vann brons í bæði 100 og 200 m baksundi.

Hún segir þó að það hafi tekið tíma að ná réttu hugarfari fyrir mótið í Ísrael. „Hausinn á mér var eiginlega í rugli og gekk mér ekkert frábærlega fyrsta daginn, þó svo að ég hafi náð að bæta mig í 100 m baksundinu. Ég ætlaði mér að gera meira,“ sagði hún en næsta dag synti hún til úrslita í greininni og komst á verðlaunapall.

„Ég hætti að stressa mig og ætlaði bara að hafa gaman af þessu. Ég var með frábærum sundkonum í úrslitum sem áttu allar betri tíma en ég fyrir. Því var mér sama þótt ég myndi enda í áttunda sæti. Ég ætlaði bara að njóta þess að vera í úrslitum og synda undir 58 sekúndum. Það tókst.“

### Fæ enn gæsahúð

Eygló synti á fyrstu braut og er óvenjulegt að sundmenn á henni vinni til verðlauna. „Ég vissi í raun ekkert hvað var að gerast í sundinu og sjokkið var því mikið þegar ég kom að bakkanum. Það tók mig langan tíma að átta mig,“ sagði hún.

Eygló segir að hún hafi strax gert sér væntingar um að leika afrekið eftir í 200 m baksundinu sem gekk svo eftir. En það sé árangurinn í 100 m baksundinu sem standi upp úr eftir árið enda kom hann henni á óvart.

„Ég hef aldrei verið jafn hissa á ævinni. Ég var glöð með allt það sem ég gerði á árinu en fyrir þetta ákveðna sund hafði ég engar væntingar. Svo náði ég þessu – ég fæ enn gæsahúð af því að tala um þetta.“

### Æfa eins og brjálæðingur

Árið 2016 er Ólympíuár og Eygló ætlar sér vitanlega stóra hluti á því. „Fyrst og fremst ætla ég að æfa eins og brjálæðingur og bæta allt það sem ég þarf að bæta. Ég ætla ekki að stressa mig of mikið á hlutunum og leyfa öllu að koma mér á óvart,“ segir Íþróttamaður ársins brosandi.

## Vildi vinna systur mínar

Eygló Ósk Gústafsdóttir kemur úr mikilli sundfjölskyldu. Systir hennar, **Jóhanna Gerða**, er á meðal fremstu sundkvenna landsins og faðir hennar, **Gústaf Adolf Hjaltason**, hefur gegnt mörgum störfum fyrir sundhreyfinguna.

**Fjölskyldan mín er klikkuð sundfjölskylda. Ég byrjaði að horfa á sund tveggja ára og mætti á öll mót eftir það. Allar systur mínar hafa æft sund og þegar ég var krakki komst ekkert annað að hjá mér en að verða betri en þær.**

Hún segir að það hafi verið stór stund þegar hún vann Jóhönnu Gerðu, systur sína, í fyrsta sinn. „Það var smá drama í kringum það en það er allt búið núna,“ segir hún og hlær.

## Heimir þjálfari ársins



Heimir Hallgrímsson, annar þjálfara A-landsliðs karla í knattspyrnu, var útnefndur þjálfari ársins af Samtökum íþróttafréttamanna í gær. Hann hlaut yfirburðakosningu í kjörinu og fékk alls 124 stig af 130 mögulegum.

Heimir og meðþjálfari hans, Lars Lagerbäck, unnu mikið afrek þegar þeir komu Íslandi á EM 2016 í Frakklandi en það verður í fyrsta sinn sem liðið á fulltrúa á stórmóti A-landsliða karla.

Annar í kjörinu varð Þórir Hergeirsson, landsliðsþjálfari kvennaliðs Noregs í handbolta, sem varð Evrópumeistari í fyrra og heimsmeistari í ár. Alfreð Gíslason varð þriðji en hann gerði Kiel að Þýskalandsmeistara í handbolta í vor. Þórir hlaut 69 stig en Alfreð átján.

## Karlalandsliðið lið ársins

A-landslið karla í knattspyrnu var kjörið lið ársins af Samtökum íþróttafréttamanna í gær með fullu húsi stiga, 130 talsins. Liðið komst á fyrsta sinn á stórmót í knattspyrnu er það tryggði sér þátttökurétt á Evrópumeistaramótinu sem fer fram í Frakklandi næsta sumar.

A-landslið karla í körfubolta varð í öðru sæti í kjörinu með 51 stig en liðið keppti í úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins í fyrsta sinn á árinu og heillaði marga með frammistöðu sinni í riðlakeppninni í Berlín. Kvennalið Stjörnunnar í hópfimleikum, sem varð Norðurlandameistari á árinu, varð þriðja með 28 stig.

## Úrslit kjörsins

| Íþróttamaður ársins | stig |
|---|---|
| **1. Eygló Ósk Gústafsdóttir** SUND \| SUNDFÉLAGIÐ ÆGIR | 470 |
| **2. Gylfi Þór Sigurðsson** FÓTBOLTI \| SWANSEA | 350 |
| **3. Hrafnhildur Lúthersdóttir** SUND \| SUNDFÉLAG HAFNARFJARÐAR | 229 |
| **4. Guðjón Valur Sigurðsson** HANDBOLTI \| BARCELONA | 202 |
| **5. Fanney Hauksdóttir** KRAFTLYFTINGAR \| GRÓTTA | 139 |
| **6. Jón Arnór Stefánsson** KÖRFUBOLTI \| MALAGA/VALENCIA | 137 |
| **7. Aron Einar Gunnarsson** FÓTBOLTI \| CARDIFF CITY | 128 |
| **8. Sara Björk Gunnarsdóttir** FÓTBOLTI \| ROSENGÅRD | 63 |
| **9. Aníta Hinriksdóttir** FRJÁLSAR \| ÁRMANN | 44 |
| **10. Helgi Sveinsson** ÍÞR. FATLAÐRA \| ÁRMANN | 29 |
| **11. Ragnar Sigurðsson** FÓTBOLTI \| KRASNODAR | 16 |
| **12. Hannes Þór Halldórsson** FÓTBOLTI \| SANDNES ULF/NEC NIJMEGEN | 15 |
| **13. Aron Pálmarsson** HANDBOLTI \| KIEL/VESZPREM | 12 |
| **14. Irina Sazanova** FIMLEIKAR \| ÁRMANN | 9 |
| **15. Hanna Rún Bazev Óladóttir** DANS \| HK | 8 |
| **16. Ásgeir Sigurgeirsson** SKOTFIMI \| SKOTFÉLAG REYKJAVÍKUR | 7 |
| **17. Dagný Brynjarsdóttir** FÓTBOLTI \| BAYERN/SELFOSS | 6 |
| **18. Birkir Bjarnason** FÓTBOLTI \| PESCARA/BASEL | 6 |
| **19. Ásdís Hjálmsdóttir** FRJÁLSAR \| ÁRMANN | 5 |
| **20. Anton Sveinn McKee** SUND \| ÆGIR | 5 |
| **21. Birgir Leifur Hafþórsson** GOLF \| GKG | 4 |
| **22. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir** GOLF \| GR | 4 |
| **23. Hlynur Bæringsson** KÖRFUBOLTI \| SUNDSVALL | 4 |
| **24. Þormóður Jónsson** JÚDÓ \| JR | 2 |
| **25. Helena Sverrisdóttir** KÖRFUBOLTI \| CCC POLKOWISE/HAUKAR | 1 |
| **26. Júlían J. K. Jóhannsson** KRAFTLYFTINGAR \| ÁRMANN | 1 |
| **27. Guðbjörg Gunnarsdóttir** FÓTBOLTI \| LILLESTRÖM | 1 |
| **28. Norma Dögg Róbertsdóttir** FIMLEIKAR \| GERPLA | 1 |

| Þjálfari ársins | stig |
|---|---|
| **1. Heimir Hallgrímsson** FÓTBOLTI \| ÍSLAND A-KARLA | 124 |
| **2. Þórir Hergeirsson** HANDBOLTI \| NOREGUR A-KVENNA | 69 |
| **3. Alfreð Gíslason** HANDBOLTI \| KIEL | 18 |
| **4. Dagur Sigurðsson** HANDBOLTI \| FÜCHSE BERLÍN/ÞÝSKALAND | 12 |
| **5. Kári Garðarsson** HANDBOLTI \| GRÓTTA KVENNA | 9 |
| **6. Guðmundur Guðmundsson** HANDBOLTI \| DANMÖRK A-KARLA | 1 |
| **7. Þorsteinn Halldórsson** FÓTBOLTI \| BREIÐABLIK | 1 |

| Lið ársins | stig |
|---|---|
| **1. A-landslið karla** FÓTBOLTI | 130 |
| **2. A-landslið karla** KÖRFUBOLTI | 51 |
| **3. Stjarnan kvenna** HÓPFIMLEIKAR | 28 |
| **4. Grótta kvenna** HANDBOLTI | 20 |
| **5. A-landslið kvenna** STRANDBLAK | 5 |




RÉTTUR

# Í MARAÞONI

Þriðja þáttaröðin af **Rétti** sló svo sannarlega í gegn á síðustu vikum. Nú eru þessir nýju þættir af Rétti ásamt fyrri þáttaröðunum tveimur komnir á **Stöð 2 Maraþon**. Á Stöð 2 Maraþon finnur þú **yfir 1.000 klst.** af frábæru sjónvarpsefni sem þú getur horft á hvenær sem þér hentar.




365.is | Sími 1817

365



LJÓSMYND RAX

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Eimskipafélag Íslands óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum farsældar á árinu 2016. Árið sem nú er að líða einkenndist ekki síst af umræðu um loftslagsmál og er félagið stolt af aðkomu sinni að bæði umræðuvettvanginum Arctic Circle og undirritun yfirlýsingar um markmið í loftslagsmálum sem var framlag til 21. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Eins og undanfarin ár tók Eimskip þátt í ýmsum samfélagslegum verkefnum með áherslu á forvarnarmál og vill félagið þakka samstarfsaðilum í þeim efnum fyrir árið sem nú er senn liðið.



MEÐAL HELSTU SAMFÉLAGSVERKEFNA
ÁRSINS 2015 VORU:

Arctic Circle ráðstefna um Norðurhöf.
Hjálmaverkefni Kiwanis og Eimskips.
Rauði krossinn, fatasöfnun.
Skátarnir, íslenska fánanum dreift til allra 7 ára barna.
Skógræktarfélag Íslands.
Slysavarnaskóli sjómanna.
Smáþjóðaleikarnir.
Vesturport.
100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hanna Zoëga Sveinsdóttir**

Ásakór 5, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum þann 24. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 5. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sveinssjóð sem styrkir Rjóðrið, 0513-26-022247, kt. 640394-4479.

**Sveinn Guðmundsson** **Fanney Birna Ásmundsdóttir**
**Jón Valur Guðmundsson**
**Brynjólfur J. Guðmundsson**
**Gunnar S. Guðmundsson** **Norma DeSouza**
**Hanna S. Guðmundsdóttir** **Haraldur Agnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilhelmína K. Magnúsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum á jóladag. Útför fer fram frá Bústaðakirkju 7. janúar kl. 13.00.

**Magnús Már Guðmundsson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Kjartan Ingvason**
**Níels Rafn Guðmundsson** **Sigrún Arnardóttir**
**Njáll Hákon Guðmundsson** **Arna Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Valdemarsdóttir**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést þann 21. desember síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju í Reykjavík þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Magnús Gissurarson**
**Jóhanna V. Magnúsdóttir** **Hallur Steinar Jónsson**
**Ásta Hallsdóttir** **Jón Valentínusson**
**Sigurveig Hallsdóttir** **Ingvar Karlsson**
**Hanna Valdís Hallsdóttir** **Torstein Sivertsen**
**og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björgvin Stefán Gunnarsson (Venni)**

garðyrkjumaður,
Barðastöðum 27, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans að kvöldi aðfangadags jóla. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi, þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Valgerður Ásmundsdóttir**
**Gunnar Björn Björgvinsson** **Inga Ósk Hafsteinsdóttir**
**Harpa Rós Björgvinsdóttir** **Auðunn Guðjónsson**
**Rakel Linda Helgudóttir** **Svavar Hafþór Viðarsson**
**Kristín Hákonardóttir** **Ingi Gunnar Jóhannsson**
**Ásgerður Hákonardóttir** **Svanþór Ævarsson**
**Nanna Hákonardóttir** **Sigurður R. Sæmundsson**
**Kolbrún Hákonardóttir** **Daniel Whait**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

# Hátíðahljómar við áramót

**Á síðustu tónleikum ársins í Hallgrímskirkju verður barokktónlistin í öndvegi, leikin á þrjá trompeta, orgel og pákur eins og hefð er fyrir á þessum degi í kirkjunni.**

Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Eggert Pálsson pákuleikari og Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, flytja hátíðaverk í Hallgrímskirkju síðdegis í dag og byrja klukkan 17.

Flest verkin eiga uppruna sinn á barokktímabilinu, að sögn Ingu Rósar Ingólfsdóttur hjá Listvinafélagi Hallgrímskirkju sem stendur fyrir tónleikunum. Hún segir lúðraþyt og trumbuslátt hafa um aldir tengst hátíðum.

„Á efnisskránni eru meðal annars forleikur að Te Deum eftir Charpentier, Björn Steinar leikur hina þekktu Tokkötu í d-moll eftir Bach og ekki má gleyma hinu fræga Adagio eftir Albinoni sem Ítalinn Giazotto umritaði,“ lýsir hún.

Inga Rósa segir þetta vera í 23. sinn sem Listvinafélag Hallgrímskirkju býður upp á sambærilega tónleika. „Áramótastemningin byrjar með hátíðarhljómum þeirra félaga. Þeir hafa leikið fyrir fullu húsi hér í kirkjunni á gamlárskvöld allt frá vígslu Klais-orgelsins árið 1992. **– gun**



**Þeir félagar hafa leikið fyrir fullu húsi í Hallgrímskirkju á gamlárskvöld allt frá vígslu Klais-orgelsins árið 1992.**



Ástkær móðir okkar,

**Málmfríður Sigurðardóttir**

fyrrum húsfreyja á Jaðri í Reykjadal,

lést þann 28. desember á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Systkinin frá Jaðri**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eyjólfur Davíðsson**

Sléttuvegi 23, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 29. desember.

**Héðinn Eyjólfsson** **Guðrún H. Fjalldal**
**Guðrún S. Eyjólfsdóttir** **Snjólfur Ólafsson**
**Sigríður Eyjólfsdóttir** **Ólafur Ó. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, amma og systir,

**Guðrún Brynjólfsdóttir Jensen**

er látin.
Hún verður jarðsungin í Kaupmannahöfn föstudaginn 8. janúar nk.

**Aðalheiður Jónsdóttir**
**Jimmy Lauritsen**
**Lisa Davidsen**
**Björn, Alma, Inga og Kristinn Brynjólfsbörn**



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og systir,

**Björk Þórarinsdóttir**

Hólmaþingi 8, Kópavogi,

sem varð bráðkvödd þann 17. desember, verður jarðsungin frá Lindakirkju mánudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Kristinn Pétursson**
**Alexander Kristinsson** **Þröstur Kristinsson**
**Þórarinn Ingi Jónsson**
**Smári Þórarinsson**
**Rósa Þórarinsdóttir**



Ástkær móðir okkar og dóttir,

**Guðlaug Hrönn Björgvinsdóttir**

hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 26. desember síðastliðinn. Útför Guðlaugar fer fram frá Guðríðarkirkju þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Agnes Björgvinsdóttir**
**Emilía Björgvinsdóttir**
**Jón Ragnar Björgvinsson**
**Sigríður Jónsdóttir**
**Björgvin Daníelsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Friðrik Eysteinsson**

hagfræðingur, MBA,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi þann 28. desember síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar í Kópavogi og heimahlynningar Karitas fyrir hlýja og kærleiksríka umönnun. Útförin fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarþjónustu Karitas.

**Valgerður Oddsdóttir**
**Oddur Eysteinn Friðriksson** **Katrín Ólafía Þórhallsdóttir**
**Friðrik Húni Friðriksson**
**Guðjón Helgi Friðriksson**
**Ýmir Kaldi og Þrymur Blær Oddssynir**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

**Guðbjörn Helgi Ásbjörnsson**

Lágseylu 8, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 23. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Sigurður Guðbjörnsson**
**Ingibjörg Júlý Guðbjörnsdóttir** **Páll Heiðar Halldórsson**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Ásbjörn Guðmundsson**
**Hafsteinn Már Sigurðsson, Óðinn Helgi Pálsson og Jökull Bjarki Pálsson**




**Orka náttúrunnar þakkar viðskiptavinum sínum samfylgdina á þessu viðburðaríka ári sem er að líða.**

Síðastliðið ár höfum við ekki aðeins fært tugþúsundum heimila umhverfisvænt rafmagn. Við unnum líka verðlaun fyrir vefinn okkar, tvöfölduðum afköst við lofthreinsun Hellisheiðarvirkjunar, unnum að landgræðslu og fengum Umhverfisverðlaun atvinnulífsins fyrir framtak ársins. Einnig opnuðum við tíundu hraðhleðslustöðina og byrjuðum að uppfæra þær til að þjóna fleiri tegundum rafbíla. Loks opnuðum við reiknivél um raforkunotkun heimila svo viðskiptavinir okkar geti borið sína notkun saman við notkun annarra.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1 · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

2015
UMHVERFISVERÐLAUN
ATVINNULÍFSINS
FRAMTAK ÁRSINS

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Sunnan og suðaustan 10-18 m/s og él, en að mestu þurrt norðaustan til. Þegar nýja árið gengur í garð stefnir í hægari vind og áfram dálítil él um landið sunnan- og vestanvert, eða með öðrum orðum hið sæmilegasta veður. Hiti um frostmark.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -5° | -6° |
| ↑ 9 | ↑ 9 | ↑ 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | 0° | -6° |
| ↑ 8 | ↑ 8 | ↖ 10 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -4° | -8° |
| ↑ 7 | ↑ 8 | ↗ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -7° | -5° | -10° |
| ↗ 5 | ↓ 7 | ↑ 8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sæti
6. strit
8. pása
9. stroff
11. píla
12. drabb
14. brjálaður
16. hvað
17. síðan
18. veitt eftirför
20. frá
21. hlýja

**LÓÐRÉTT**
1. slitrótt tal
3. skammstöfun
4. eyða
5. sérstaklega
7. heimting
10. mál
13. stígandi
15. skúr
16. þurrkað gras
19. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. at, 8. hlé, 9. fít, 11. ör, 12. slark, 14. klikk, 16. ha, 17. svo, 18. elt, 20. af, 21. ylur. **LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. eh, 4. slökkva, 5. sér, 7. tilkall, 10. tal, 13. rís, 15. kofi, 16. hey, 19. tu.

### Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.834) átti leik gegn gegn Yu Yangyi (2.736) í úrslitaeinvígi um sigurinn á Katar-mótinu.



**Hvítur á leik**

**33. Hxe6!! fxe6 34. Dxe6** (svartur eru hróki yfir en vandamál svarts eru margvísleg). **34. ... De8** (skásti kosturinn að gefa mann en það dugar skammt). **35. Dxd6 Hc6 36. De5+! Dxe5 37. Rxe5 Hxh4 38. Hf7+ Kg8 39. Ha7 Hc8 40. Bxg6 Bc6 41. Bf7+Kf8 42. Rg6+** og svartur gaf.

**www.skak.is:** Vignir vann Jólamót TR.




GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**

365.is | Sími 1817 365

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 6 | 9 | 3 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 1 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 9 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 2 | 8 | 9 | 7 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 | 6 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 5 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 2 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 5 | 9 | 4 | 3 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 | 1 | 4 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 |
| 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 6 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 3 | 6 | 2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT
Hollráð Lambakjöts að betra sambandi
Nr. 99
FALLEG FRAMSETNING FÆRIR VEISLUNNI HÁTÍÐARBLÆ
Áramót 2015-2016
Hægeldað lambalæri í smjöri með hvítlauk, kryddjurtum og kryddjurta-béarnaise sósu
– fleiri girnilegir réttir og hollráð á lambakjot.is
H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Kapítalíska klóin

**LEIKLIST**

**≈ [um það bil]**
★★★★

**eftir Jonas Hassen Khemiri**

**Leikstjóri:** Una Þorleifsdóttir
**Leikarar:** Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Oddur Júlíusson, Snorri Engilbertsson, Stefán Hallur Stefánsson, Þröstur Leó Gunnarsson og Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir Dýrfjörð
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger
**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson
**Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson
**Hljóðmynd:** Gísli Galdur Þorgeirsson og Kristinn Gauti Einarsson
**Dramatúrg:** Símon Birgisson
**Dansatriði:** Selma Björnsdóttir og Birna Björnsdóttir
**Þýðing:** Eiríkur Örn Norðdahl

Hagkerfið og hagfræðin er órjúfanlegur þáttur af mannlegri tilvist, hvort sem við viljum það eða ekki. Hver þekkir ekki þær aðstæður þegar þú átt um það bil nóg til að lifa af mánuðinn, átt um það bil nóg fyrir afborguninni af VISA-kortinu og ert um það bil búinn að safna fyrir utanlandsferðinni sem frestast stöðugt vegna fjárskorts. Um það bil en samt aldrei nóg. ≈ [um það bil] er einmitt titillinn á splunkunýju skandinavísku leikriti sem frumsýnt var í Kassa Þjóðleikhússins nú á dögunum.

Jonas Hassen Khemiri er ungur að árum en hann er ein skærasta bókmenntastjarna Svíþjóðar. ≈ [um það bil] er spennandi fengur fyrir Þjóðleikhúsið en höfundurinn hikar ekki við að takast á við umfangsmikil og flókin málefni.

Eiginlegur sögumaður sýningarinnar er stundakennari í hagsögu við háskólann sem stendur í stöðugri baráttu við að halda fjölskyldu sinni á fjárhagslegu floti. Stefán Hallur Stefánsson sýnir fínan leik sem hugsjónamaðurinn Máni. Hann nær sterkum tengslum við áhorfendur frá fyrstu senu og stýrir tilfinningaferðalagi Mána af styrk og einlægni. Stefán Hallur hefur sjaldan verið betri en í lokasenu sýningarinnar.

Margrét, eiginkona Mána, leikin af Þorbjörgu Helgu Þorgilsdóttur Dýrfjörð, er líka hugsjónamanneskja en á erfitt með að slíta sig frá væntingum fjáðrar fjölskyldu sinnar. Þorbjörg Helga sendur sig ágætlega en situr uppi með heldur óspennandi persónu og leikur hennar verður frekar tilbrigðalaus þegar á líður. Aftur á móti smjattar hin nýútskrifaða Katrín Halldóra Sigurðardóttir á sínu hlutverki sem hliðarsjálf Margrétar, sem og smærri hlutverkum. Kómísk tímasetning hennar er virkilega góð og vert er að fylgjast með henni í framtíðinni.

Fleiri ungir leikarar koma sterkir til leiks en Oddur Júlíusson er frábær í sínum fjölmörgu hlutverkum og kemur sér rækilega á kortið. Hann leiðir áhorfendur af miklu öryggi, hefur lipra líkamsbeitingu og næman leikstíl. Ekki fer alveg eins vel fyrir Snorra Engilbertssyni í hlutverki Andrej. Þrátt fyrir fína spretti, sérstaklega þegar Andrej reynir að hemja skap sitt, verður persónan frekar einsleit.

Að leika án orða er list en bæði Guðrún Gísladóttir og Þröstur Leó Gunnarsson eru sérfræðingar á því sviði. Þröstur Leó eyðir miklum tíma á leiksviðinu sem útigangsmaðurinn Pétur en sviðsframkoma hans er alltaf rafmögnuð, áferðarfalleg og áhugaverð. Mikið er gott að sjá hann aftur í leikhúsinu. Guðrún fer á flug eftir hlé í hlutverki hinnar beinskeyttu Freyju og nær alltaf að sýna nýjan vinkil á manneskju sem virðist vera óttalega hversdagsleg.



**Þröstur Leó eyðir miklum tíma á leiksviðinu sem útigangsmaðurinn Pétur en sviðsframkoma hans er alltaf rafmögnuð, áferðarfalleg og áhugaverð.** MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Hagfræðilega brúðkaupið og súrrealísku uppbrotin eru algjörir hápunktar en samleik hópsins er stundum hrein unun á að horfa. Skiptingarnar eru snöggar og húmorinn skarpur, sérstaklega fyrir hlé. Una Þorleifsdóttir, leikstjóri sýningarinnar, hefur sterk tök á heildarmyndinni, er óhrædd við taktbreytingar og tilraunir. Aftur á móti eru einræðurnar of langar, þó þær séu bútaðar niður fellur orkustig sýningarinnar alltof oft. Tónn sýningarinnar breytist töluvert eftir hlé þar sem fókusinn er frekar á persónulegar sögur en fyrsta atriði eftir hlé er virkilega átakanlegt; sorglegt og nístandi í senn. Þar leika Þröstur Leó og Oddur erfiða senu af gríðarlegri hæfni.

Bæði leikmyndin og búningarnir eru hugarsmíð Evu Signýjar Berger en leikmyndin stendur algjörlega upp úr. Kassinn er ákjósanlegur fyrir tilraunastarfsemi og flísalagða tómarúmið, lýst með neonskiltum, smellpassar verkinu, þar sem leikararnir skjótast inn og út um faldar hurðir. Gísli Galdur sér um tónlistina og hún er nokkuð góð en hljóðmyndin, sem Kristinn Gauti Einarsson aðstoðar við, var ekki nægilega vel útfærð, hvorki nægilega skýr né eftirminnileg.

Kapítalisminn er grimmt og miskunnarlaust kerfi þar sem fáir vinna, draumar eru mölvaðir og einstaklingar réttlæta hegðun sína með hversdagslegum þörfum. ≈ [um það bil] talar beint til okkar samtíma á frumlegan, fyndinn og beinskeyttan hátt. Formið er óvænt en útkoman ein af bestu sýningum þessa leikárs.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtileg sýning í súrrealískari kantinum með hjartað á réttum stað.



**Nöfnurnar Agnes Löve og Agnes Tanja hafa æft stíft saman síðustu daga.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Komst inn í skóla á Maístjörnunni

„Ég hlakka mikið til að syngja í Hannesarholti með ömmu við hljóðfærið,“ segir Agnes Tanja Thorsteins mezzosópransöngkona glaðlega um tónleika sem hún heldur á sunnudaginn klukkan 16, ásamt ömmu sinni Agnesi Löve píanóleikara. Hún kveðst hafa æft prógrammið á fullu síðustu daga eftir að hafa barist við flensu í hálfan mánuð. „Ég kom til landsins frá Vín 11. desember, en veiktist þann 12. og var raddlaus fram yfir jól. Þetta er óöryggið sem söngvarar búa við,“ lýsir Agnes Tanja sem er að ljúka BA-námi í Universität für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg og hefja mastersnám við sama skóla – en er í jólafríi núna. Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir Fauré, Rachmaninoff, Händel og Bizet. „Ég ætla að velja Carmen-aríu, já og eina eftir Mozart,“ segir Agnes Tanja og kveðst vera að fara að takast á við óperuna La clemenza di Tito eftir Mozart, í óperuáfanganum sem hún er í í skólanum. „Þar er eitt af stærri mezzosópranhlutverkunum, ef maður getur sungið það þá getur maður í rauninni allt! Svo verð ég líka að taka eitthvað eftir hann Jón Ásgeirsson tónskáld því ég skrifaði BA-ritgerðina um hann og komst inn í skólann á Maístjörnunni hans.“ gun@frettabladid.is

# Æskan og ellin horfast í augu

**KVIKMYNDIR**

**Youth**
★★★★

**Leikstjóri og handritshöfundur: Paolo Sorrentino**

**Aðalleikarar:** Michael Caine, Harvey Keitel, Paul Dano, Rachel Weisz
**Framleiðslulönd:** Ítalía, Sviss, Frakkland, Bretland.

Ítalski leikstjórinn Paolo Sorrentino hefur verið á hraðri uppleið undanfarin misseri sem helsti leikstjóri Ítala í dag. Hann vakti síðast mikla lukku fyrir tveimur árum með myndinni The Great Beauty og núna snýr hann aftur með Youth sem á dögunum vann Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem mynd ársins 2015.

Youth gerist á hressingarhæli í Sviss og segir frá tveimur eldri mönnum, fyrrum tónlistarstjóra (Michael Caine) og kvikmyndaleikstjóra á síðasta snúningi (Harvey Keitel), sem eru að reyna að gera upp líf sitt. Um leið kynnumst við ýmsum fleiri litríkum karakterum sem einnig gista á hressingarhælinu, m.a. Maradonalegri fótboltastjörnu og ungfrú alheimi.

Sagan hefur hingað til ekki verið aðalatriðið í myndum Sorrentino heldur snúast þær fyrst og fremst um að skapa ákveðið andrúmsloft og kynna áhorfandann fyrir litríkum persónum. Listamenn eru



**Youth gerist á hressingarhæli í Sviss.**

yfirleitt í aðalhlutverkum og þá í einhvers konar uppgjöri við lífið. Í þetta skiptið eru nánast allir karakterarnir einhvers konar listamenn eða skemmtikraftar.

Sorrentino fæst hér við spurningar um fortíð og framtíð, elli og æsku og hvað frægðin gerir manni. Hvað felst í því að ganga vel í lífinu? Sorrentino býður ekki upp á svör en veltir vöngum yfir hlutunum og spyr margra spurninga. Sjálfan titilinn mætti meira að segja túlka á marga vegu, er þetta vísun í æskudýrkun eða glataðan ungdóm? Hér er ýmsu teflt fram og má segja að Sorrentino hendi fram öllu sem honum dettur í hug, en þó alltaf á hátt sem tengist meginþemanu, beint eða óbeint. Myndin virðist kannski stefnulaus á köflum en allt er þetta partur af heildinni.

Það er erfitt að fanga mynd af þessu tagi í stuttu máli þar sem hún er stútfull af hugmyndum. Mynd sem þyrfti jafnvel að sjá oftar en einu sinni til að skilja til fulls. En það er allt í lagi því Youth er hreinlega stórskemmtileg og vel þess virði að sjá aftur. Þetta er enn ein rósin í hnappagat Sorrentinos og vel að Evrópsku kvikmyndaverðlaunum komin. Hún er í senn sorgleg og falleg, fyndin og súrrealísk. Auk þess er myndatakan hreint út sagt stórkostleg á köflum og myndin sneisafull af fallegum skotum og glæsilegum uppstillingum. Aðalleikararnir fara á kostum og Caine og Keitel brillera sem áður. Paul Dano er þó bestur hér sem ung kvikmyndastjarna sem þolir ekki hvernig allir þekkja hann bara sem vélmenni í ómerkilegri metsölumynd, en gleyma öðrum hlutverkum hans.

Með Youth hefur Sorrentino tekist að skapa mikið listaverk en það má kannski helst finna henni til foráttu að hún er aðeins of metnaðarfull. Einstaka augnablik virka ekki sem skyldi og Sorrentino mætti kannski hemja sig aðeins og læra að „less is more“. En um leið er þetta líka ákveðinn styrkur myndarinnar þar sem stundum þarf að ganga lengra en aðrir til að skapa eitthvað eftirminnilegt, og það hefur sannarlega tekist hér.

**Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Metnaðarfullt listaverk sem er í senn sorglegt og fyndið og fær mann um leið til að hugsa.

# Kæru landsmenn

## Við óskum ykkur

## gleðilegs árs

## og farsældar á nýju ári

Þökkum ánægjuleg viðskipti

á árinu sem er að líða.

ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA

Suðurhrauni 1 - 210 Garðabær - Sími 595 0300 - www.isafold.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:20 - 10:55 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| SMÁFÓLKIÐ ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:30 |
| LOVE THE COOPERS | KL. 8 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 2:30 - 3:40 - 5:50 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

SÉRSTAKAR SÝNINGAR 31. DES KL. 14 - SJÁ SAMBIO.IS

| | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 4 - 7 - 10 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 9 - 11:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 9 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 2 |







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JOY | 10:30 |
| SISTERS | 5:30, 8 |
| SMÁFÓLKIÐ 2D | 1:30, 3:30 |
| STAR WARS 3D | 2, 5, 8, 10:45 |
| STAR WARS 2D | 7, 10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN | 2, 4:30 |








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 31. DESEMBER 2015

### Listsýningar

**Hvað?** Sýningarlok l Ein/Einn og Blaðamaður með myndavél.
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Um áramótin lýkur tveimur sýningum í Þjóðminjasafninu, I Ein/Einn og Blaðamaður með myndavél. Safnið er opið á gamlársdag og á nýársdag er opið frá 10-14.







### Tónlist

**Hvað?** Hátíðarhljómar við áramót
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Listvinafélag Hallgrímskirkju býður í tuttugasta og þriðja skiptið upp á tónleika undir yfirskriftinni Hátíðarhljómar við áramót. Um er að ræða hátíðartónlist fyrir þrjá trompeta, orgel og pákur. Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Eggert Pálsson pákuleikari og Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, flytja verk frá barokktímanum.

**Hvað?** Rakettan á Loft 2015
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Loftið, Austurstræti 9
Loftið stendur í þriðja skipti fyrir áramótagleðinni og að þessu sinni munu Sexy Lazer, Superpitcher, Gísli Pálmi og Special Guest halda uppi stuðinu. Aðgangseyrir við innganginn 3.000 krónur.

**Hvað?** Áramótapartí Paloma
**Hvenær?** 01.00
**Hvar?** Paloma
Nýju ári fagnað á Paloma, en þar munu stíga á svið Kanilsnældur, Dj Katla og Dj Frímann.

**Hvað?** Í svörtum fötum
**Hvenær?** 01.00
**Hvar?** Spot, Kópavogi
Hljómsveitin Í svörtum fötum heldur uppi stuðinu í Kópavogi þegar sveitin stígur þar á svið. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Gamlárspartí
**Hvenær?** 23.55
**Hvar?** Vegamót
Áramótum fagnað á Vegamótum, þeir sem koma á fyrstu sextíu mínútum nýs árs hljóta glaðning.



Sexy Lazer verður á Loftinu þar sem hann fagnar ásamt fríðu föruneyti.

### Hugleiðsla

**Hvað?** Hugleiðsla þakkargjörð
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Yogavin, Grensásvegi
Hugleiðsla þar sem þakklætið verður í hávegum haft, ásamt friði og fegurð hjartans. Heitt te og engiferdjús á testofunni. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



Í svörtum fötum á Spot í kvöld.




Í BEINNI ÚTSENDINGU KL. 14:00 Á GAMLÁRSDAG

Í OPINNI DAGSKRÁ

# KRYDDSÍLD – Í 25 ÁR!

Árið í pólitík gert upp, hvernig var fréttaárið og hvað gerist næst? Forystumenn flokkanna, maður ársins og fleiri góðir gestir setjast að borðinu ásamt því að slegið verður á létta strengi með Gríni án djóks með Dóra DNA og Sögu Garðars. Allt þetta og meira til í Kryddsíld kl. 14 á gamlársdag, í beinni útsendingu frá Hörpu.

365.is | Sími 1817

365

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




14:00
**KRYDDSÍLD**
Árlegur áramótaþáttur sem hefur verið fastur liður á dagskrá Stöðvar 2 á gamlársdag, allt frá árinu 1990. Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum.

GLEÐILEGUR **GAMLÁRSDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



21:30
**DJÚPIÐ**
Mögnuð mynd Baltasars Kormáks sem byggir á sannri sögu og segir frá þeim einstæða atburði þegar ótrúlega öflugur sjómaður náði að bjarga lífi sínu eftir að bátur hans fórst.

20:00
**ÁVARP FORSÆTISRÁÐHERRA**
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra flytur árlegt ávarp á síðasta degi ársins.



20:15
**AGENT FRESCO**
Mögnuð upptaka frá útgáfutónleikum Agent Fresco í Hörpu 1. október síðastliðinn.



22:00
**DALLAS BUYERS CLUB**
Árið 1985 var Ron greindur með alnæmi og sagt að hann ætti skammt eftir en hann barðist upp á líf og dauða við heilbrigðiskerfið og lyfjafyrirtækin.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnaefni Stöðvar 2
**09.55** The Lego Movie
**11.35** iCarly
**12.00** Fréttir Stöðvar 2
**12.25** Elly Vilhjálmsdóttir - min
**14.00 Kryddsíld 2015** Árlegur áramótaþáttur sem hefur verið fastur liður á dagskrá gamlársdags Stöðvar 2 allt frá árinu 1990. Leiðtogar helstu stjórnmálaflokka landsins staldra við og vega og meta árið sem er að líða á léttum nótum.
**16.00** Eragon
**19.10** The Middle
**19.35** Simpson-fjölskyldan
**20.00** Ávarp forsætisráðherra 2015
**20.15 Agent Fresco** Mögnuð upptaka frá útgáfutónleikum Agent Fresco í Hörpu 1. október síðastliðinn.
**21.30 Djúpið** Mögnuð mynd Baltasars Kormáks með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki sem byggir á sannri sögu og segir frá þeim einstæða atburði þegar einn sjómaður náði að bjarga lífi sínu eftir að bátur hans fórst. Myndin gefur okkur einnig innsýn í líf íslenskra sjómanna í gegnum tíðina og hinar óblíðu aðstæður sem þeir og fjölskyldur þeirra hafa búið við í sjávarplássum um allt land. Myndin hlaut alls 11 Edduverðlaun 2013.
**23.05** Ferrell Takes the Field
**00.00** Avatar
**02.35** Hot Tub Time Machine
**04.15** Tammy
**05.50** The Middle

## SPORT

**08.30** Goðsagnir - Ingi Björn
**09.00** Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
**09.35** Goðsagnir - Pétur Ormslev
**10.10** Goðsagnir - Hörður Magnússon
**10.45** Goðsagnir - Guðmundur Steinsson
**11.20** FH - Fjölnir
**13.10** Pepsímörkin
**15.50** NBA - All Star Game
**17.10** NBA Special - The Bad Boys
**18.55** Liverpool - AC Milan
**21.50** AC Milan - Liverpool
**23.30** Man. Utd - Chelsea
**02.10** Box - Tyson vs. Holyfield

## SPORT 2

**07.00** Sunderland - Liverpool
**08.40** Messan
**09.55** Crystal Palace - Swansea
**11.35** Everton - Stoke
**13.15** Sunderland - Liverpool
**14.55** Wayne Rooney Film
**15.55** Manstu
**16.30** Manstu
**17.10** Premier League World
**17.40** West Ham - Southampton
**19.20** Premier League Review
**20.15** Leicester - Man. City
**21.55** Man. Utd. - Chelsea
**23.35** Messan
**00.50** Football League Show
**01.20** Arsenal - Bournemouth

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World
**09.50** European Tour
**12.25** Feherty
**12.50** European Tour
**14.40** Samsung Unglingaeinvígið
**15.35** Golfing World
**16.25** Champions Tour Year in Review
**17.15** FedExCup Playoffs Official Film
**18.05** PGA Tour Review of the Year
**18.55** Players Official Film
**19.50** Presidents Cup Official Film
**20.45** PGA Championship

## STÖÐ 3

**18.40** Comedians
**19.05** Suburgatory
**19.30** Fresh off the Boat
**19.50** Sullivan & Son
**20.15** Discovery Atlas
**22.05** Community
**00.55** Community
**01.20** Community
**01.45** Community
**02.05** Community
**02.30** Community
**02.55** Lip Sync Battle
**03.15** NCIS. Los Angeles
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Brunabílarnir
**07.25** Skógardýrið Húgó
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Lukku-Láki
**10.23** Kalli á þakinu
**10.47** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Brunabílarnir
**11.24** Skógardýrið Húgó
**11.49** Ævintýraferðin
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Lukku-Láki
**14.23** Kalli á þakinu
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Brunabílarnir
**15.24** Skógardýrið Húgó
**15.49** Ævintýraferðin
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Lukku-Láki
**18.23** Kalli á þakinu
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Happy Feet

## GULLSTÖÐIN

**09.20** Friends
**10.30** Friends
**10.55** Modern Family
**11.15** Modern Family
**11.40** Ástríður
**13.35** Ástríður
**14.00** Matarást með Rikku
**14.30** Feðgar á ferð
**14.55** Dimma og Sinfoníuhljómsveit Norðurlands
**16.30** Fókus
**16.55** Fókus
**17.15** Margra barna mæður
**17.50** Veistu hver ég var?
**18.30** Bara grín
**20.00** Þær tvær
**20.20** Poppsvar
**21.00** Heimsendir
**21.40** Pressa
**01.25** Pressa
**02.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**08.25** The Internship
**10.25** The Rebound
**12.00** The Terminal
**14.10** Batman Forever
**16.10** The Internship
**18.15** The Rebound
**19.50** The Terminal
**22.00** Dallas Buyers Club
**00.00** The Great Gatsby
**02.20** True Lies
**04.40** Dallas Buyers Club

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**11.10** Bækur og staðir
**11.20** Árið með Gísla Marteini
**12.40** Táknmálsfréttir
**12.50** Krakkafréttir
**13.00** Fréttir
**13.25** Veður
**13.30** Diddú
**14.15** Skellibjalla og leyndardómur vængjanna
**15.30** Saga af strák
**15.55** Desember
**17.30** Kúlugúbbarnir
**17.55** Ævar vísindamaður
**18.25** Sirkus Íslands - Heima er best
**19.30** Stundarskaup
**20.00** Ávarp forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar
**20.20 Íþróttaannáll 2015** Íþróttafréttamenn fjalla um viðburði ársins
**21.10 Fréttaannáll 2015** Flóttamenn og kjaradeilur, brjóstabylting, hryðjuverk, ferðamenn og velgengni íslenskra listamanna settu svip sinn á árið. Fréttastofa RÚV gerir innlendum og erlendum viðburðum ársins að venju skil í fjölbreyttum þætti á gamlárskvöld. Umsjónarmenn. Ragnhildur Thorlacius og Guðjón Helgason.
**22.30 Áramótaskaup 2015** Ómissandi endapunktur sjónvarpsársins. Sérvalið grínráð sér um efnisöflun og rýnir í fréttir, viðburði og uppákomur ársins. Leikstjóri. Kristófer Dignus.
**23.36** Áramótakveðja RÚV
**00.05** Bridesmaids
**02.05** Tónaflóð
**05.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**10.30** Everybody Loves Raymond
**10.50** Younger
**11.15** Jennifer Falls
**11.40** Playing House
**12.00** Odd Mom Out
**12.25** Life In Pieces
**12.50** Grandfathered
**13.10** The Grinder
**13.35** The Muppets
**14.00** The Millers
**14.25 Honey** Skemmtileg mynd með Jessica Alba í aðalhlutverki. Honey er dansari sem ákveður að breyta til eftir að lærimeistari hennar gefur henni úrslitakosti, annað hvort að sofa hjá honum eða vera sett á svartan lista í bransanum.
**16.00** The Voice
**16.45** Beyonce - Life Is But a Dream
**18.15** Mrs. Henderson Presents
**20.00 L!fe Happens** Skemmtileg gamanmynd frá 2011 með Krysten Ritter, Kate Bosworth, Rachel Bilson og Jason Biggs í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um þrjár vinkonur sem búa saman í Los Angles.
**21.40** The Three Musketeers Bönnuð börnum.
**23.30** Taken
**01.05** Rolling Stones 50th Anniversary Concert
**04.05** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

OKKAR VINSÆLA

# ÚTSALA

HEFST
LAUGARDAGINN
**2. JANÚAR**
KL. **13:00**

DKNY
BY MALENE BIRGER
BRUUNS BAZAAR
GERARD DAREL
STRATEGIA
SAMSØE SAMSØE

• • •

KRISTENSEN DU NORD
STELLA NOVA
HARTFORD
ROSEMUNDE
'S MAX MARA

• • •

COMME DE GARÇONS
BILLI BI
FREE LANCE
PLEASE
FRUIT
VENTCOUVERT

... fleiri spennandi merki

# 40%

afsláttur
af **öllum útsöluvörum**

OPIÐ TIL KL. **19:00**

... fyrstur kemur fyrstur fær




eva

Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | **facebook** / verslunin.eva | *Instagram* / verslunineva

# DAGSKRÁ

## Föstudagur




**18:55**
**PADDINGTON**
Skemmtileg og vönduð teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um björninn Paddington sem kynnist góðhjartaðri fjölskyldu á Paddington-lestarstöðinni og hún býður honum tímabundið athvarf.

GLEÐILEGUR
NÝÁRSDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




**20:30**
**THE THEORY OF EVERYTHING**
Sannsöguleg mynd um stjarnvísinda- og eðlisfræðinginn Stephen Hawking en hann greindist með ólæknandi hrörnunarsjúkdóm ungur að aldri.




**22:35**
**INTERSTELLAR**
Spennumynd með stórleikurunum Matthew McConaughey og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Myndin gerist í framtíðinni þegar jörðin fer að upplifa skort, hungursneyð og brátt útrýmingu mannkyns.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

07.00 **Barnatími Stöðvar 2**
07.01 **Áfram Diego, áfram!**
08.05 **Með afa**
08.15 **Mæja býfluga**
08.25 **Gulla og grænjaxlarnir**
08.35 **Hvellur keppnisbíll**
08.45 **Anastasia**
10.20 **Eyrnalausa kanínan og kjúklingurinn vinur hennar** Skemmtileg teiknimynd um kanínu sem er öðruvísi en alla hinar kanínurnar því hún hefur engin eyru og hefur því alltaf verið svolítið utangátta í kanínuhópnum. Dag einn breytist líf hennar þegar eitt lítið egg er skilið eftir fyrir framan dyrnar hjá henni og úr því klekst lítill hænuungi. Frá þeirri stundu myndast einstök vinátta þeirra á milli full af ævintýrum og skemmtilegum uppákomum.
13.05 **Shallow Hal**
14.55 **Wedding Crashers**
16.50 **The Boxtrolls**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Paddington**
20.30 **The Theory of Everything** Sannsöguleg mynd frá árinu 2014 sem fjallar um stjarnvísinda- og eðlisfræðinginn Stephen Hawking en hann greindist með ólæknandi hrörnunarsjúkdóm ungur að aldri. Frábær mynd sem enginn má láta fram hjá sér fara.
22.35 **Interstellar** Frábær mynd frá árinu 2014. Myndin gerist í framtíðinni þegar jörðin fer að upplifa skort, hungursneyð og brátt útrýmingu mannkyns. Hópur manna er sendur í geiminn til þess að kanna dularfullt svarthol sem vísindamenn hafa nýlega uppgötvað, en tilvera þess gæti mögulega bjargað mannkyninu.
01.25 **The Whistleblower**
03.15 **In the Electric Mist**
04.55 **Wedding Crashers**

### SPORT

08.00 **Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**
08.50 **Goðsagnir - Gummi Ben**
09.40 **Goðsagnir - Sigursteinn Gíslason**
10.30 **Goðsagnir - Steingrímur Jó**
11.15 **Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson**
12.10 **Barcelona - Real Betis**
13.50 **Real Madrid - Real Sociedad**
15.30 **NFL Gameday**
16.00 **Oklahoma - Chicago**
17.55 **Golden State - Cleveland**
20.00 **Gary Lineker's FA Cup Film**
20.55 **Juventus - Barcelona**
22.45 **NFL Gameday**
23.15 **Real Madrid - Barcelona**
01.00 **Chicago - New York**

### SPORT 2

07.55 **Leicester - Man. City**
09.35 **Crystal Palace - Swansea**
11.15 **Sunderland - Liverpool**
12.55 **Messan**
14.10 **Manstu**
14.55 **Brighton - Wolves**
17.10 **QPR - Hull**
19.15 **Man. Utd. - Chelsea**
20.55 **Arsenal - Bournemouth**
22.35 **Watford - Tottenham**
00.15 **Brighton - Wolves**
01.55 **QPR - Hull**

### GOLFSTÖÐIN

09.00 **Golfing World**
09.50 **Inside The PGA Tour**
10.15 **Golfing World**
11.05 **Presidents Cup**
21.10 **HSBC Champions**

### STÖÐ 3

18.20 **Hart of Dixie**
19.05 **Guys With Kids**
19.30 **Comedians**
19.55 **Suburgatory**
20.20 **Lip Sync Battle**
20.45 **NCIS Los Angeles**
21.30 **Justified**
22.15 **First Dates**
23.10 **Grimm**
23.55 **Sons Of Anarchy**
01.00 **Comedians**
01.25 **Suburgatory**
01.50 **Lip Sync Battle**
02.15 **NCIS Los Angeles**
03.00 **Justified**
03.45 **First Dates**
04.40 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Könnuðurinn Dóra**
07.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
07.45 **Doddi litli og Eyrnastór**
07.55 **Tommi og Jenni**
08.00 **Áfram Diego, áfram!**
08.24 **Svampur Sveinsson**
08.49 **Rasmus Klumpur og félagar**
08.55 **UKI**
09.00 **Lukku-Láki**
09.23 **Kalli á þakinu**
09.47 **Hvellur keppnisbíll**
10.00 **Brunabílarnir**
10.25 **Ljóti andarunginn og ég**
10.47 **Ævintýraferðin**
11.00 **Könnuðurinn Dóra**
11.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
11.45 **Doddi litli og Eyrnastór**
11.55 **Tommi og Jenni**
12.00 **Áfram Diego, áfram!**
12.24 **Svampur Sveinsson**
12.49 **Rasmus Klumpur og félagar**
12.55 **UKI**
13.00 **Lukku-Láki**
13.23 **Kalli á þakinu**
13.47 **Hvellur keppnisbíll**
14.00 **Brunabílarnir**
14.24 **Ljóti andarunginn og ég**
14.46 **Ævintýraferðin**
15.00 **Könnuðurinn Dóra**
15.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
15.45 **Doddi litli og Eyrnastór**
15.55 **Tommi og Jenni**
16.00 **Áfram Diego, áfram!**
16.24 **Svampur Sveinsson**
16.49 **Rasmus Klumpur og félagar**
16.55 **UKI**
17.00 **Lukku-Láki**
17.23 **Kalli á þakinu**
17.47 **Hvellur keppnisbíll**
18.00 **Brunabílarnir**
18.24 **Ljóti andarunginn og ég**
18.46 **Ævintýraferðin**
19.00 **Walking with Dinosaurs**

### GULLSTÖÐIN

08.25 **Friends**
10.05 **Friends**
10.30 **Modern Family**
10.55 **Modern Family**
11.20 **Ástríður**
13.15 **Ástríður**
13.50 **Veturhús**
14.55 **Matarást með Rikku**
15.25 **Feðgar á ferð**
15.50 **Agent Fresco**
17.25 **Margra barna mæður**
17.55 **Fókus**
19.00 **Bara grín**
20.00 **Bara grín**
20.30 **Þær tvær**
21.00 **Heimsendir**
21.40 **Pressa**
01.35 **Pressa**
02.20 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### BÍÓSTÖÐIN

07.50 **Butter**
09.20 **Austenland**
11.00 **The Rewrite**
12.45 **Silver Linings Playbook**
14.50 **Butter**
16.25 **Austenland**
18.05 **The Rewrite**
19.55 **Silver Linings Playbook**
22.00 **X-Men. Days of Future Past**
00.15 **Transformers. Age of Extinction**
02.55 **The Food Guide to Love**
04.30 **X-Men. Days of Future Past**
06.55 **Nebraska**

### RÚV

07.00 **KrakkaRÚV**
12.15 **Vísindahorn Ævars**
12.20 **Vísindahorn Ævars**
12.30 **Menningin - samantekt**
13.00 **Nýársávarp forseta Íslands**
13.25 **Nýársávarp forseta Íslands á táknmáli**
13.40 **Fréttaannáll 2015**
14.45 **Íþróttaannáll 2015**
15.30 **Nýárstónleikar í Vínarborg**
17.45 **Táknmálsfréttir**
17.55 **Músin Marta**
18.25 **Áramótakveðja RÚV** RÚV tekur forskot á 50 ára afmæli Sjónvarpsins á síðustu augnablikum ársins. Haldið er í ferðalag aftur í tímann með brotum úr nær öllum Áramótaskaupum frá upphafi.
18.50 **Landakort**
19.00 **Fréttir**
19.20 **Veður**
19.30 **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Litið um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarpsútsendinga á Íslandi og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp.
19.50 **Óli Prik**
21.30 **Afinn** Hjartnæm gamanmynd með Sigga Sigurjóns í aðalhlutverki. Guðjón hefur lifað öruggu lífi en starfslokin koma eins og þruma úr heiðskíru lofti. Önnur hlutverk: Þorsteinn Bachmann, Sigrún Edda Björnsdóttir og Steinþór Hróar Steinþórsson. Leikstjóri. Bjarni Thorsson.
23.15 **The Imitation Game**
01.10 **Backdraft**
03.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SKJÁREINN

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
10.30 **Everybody Loves Raymond**
10.50 **Younger**
11.15 **Jennifer Falls**
11.40 **Playing House**
12.00 **Odd Mom Out**
12.25 **Life In Pieces**
12.50 **Grandfathered**
13.10 **The Grinder**
13.35 **The Muppets**
14.00 **Rules of Engagement**
14.25 **David Bowie - Five Years In The Making of An Icon**
15.15 **Justin Bieber Live@Home**
16.00 **The Voice**
17.30 **America's Funniest Home Videos**
17.55 **Mystery Men** Gamanmynd með Ben Stiller, Janeane Garofalo, William H. Macy, Hank Azaria, Greg Kinnear og Geoffrey Rush í aðalhlutverkum.
20.00 **The Portrait of a Lady**
22.25 **Cape Fear** Mögnuð spennumynd með Robert De Niro, Jessica Lange, Nick Nolte og Juliette Lewis í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
00.35 **Sleepers**
03.05 **Nurse Jackie**
03.35 **Californication**
04.05 **Ray Donovan**
04.50 **Pepsi MAX tónlist**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ALLT FYRIR GOTT ÁRAMÓTAPARTÍ

*Ekkert eðlulega gott*

**259** kr. stk.
DORITOS 170 G – NACHO CHEESE, COOL AMERICAN OG SWEET CHILLI

**EÐLAN**
1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur
Rjómaostur settur í eldfast mót, Doritos-sósu hellt yfir og rifnum osti stráð yfir. Bakað við 180 gráður þar til osturinn er orðinn gullinbrúnn.

**399** kr. stk.
Pizzaostur

**229** kr. stk.
Pepsi 2 l

**549** kr. stk.
Rjómaostur

**449** kr. stk.
Doritos-sósa

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## OG ALLT HITT FYRIR GOTT ÁRAMÓTAPARTÍ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lay's | Bugles | Voga ídýfa | Magnum súkkulaðiís 3 pk. | Red Bull orkudrykkur 4 pk. | Pepsi og Pepsi Max 4 x 2 l |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland




Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **3. janúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Kæru landsmenn

# Gleðilegt nýtt ár

## Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
## - Starfsfólk Bónus

## GOTT VERÐ Í BÓNUS!

**Fulleldað**
Aðeins að hita




**MÁLTÍÐ FYRIR 4-5**

**2.498** kr. pk.
**Aromatic Crispy Duck**
Önd, 24 vefjur og sósa




**2.198** kr. kg
**Kalkúnabringa**
Frosin, 98% kjöt, Þýskaland

**FERSKUR VEISLUFUGL MEÐ FYLLINGU**




**998** kr. kg
**Veislufugl**
Með fyllingu, ferskur

**Fulleldað**
Aðeins að hita




**998** kr. kg
**Stjörnugrís**
**BBQ Grísarif,** fullelduð

**KJARNAFÆÐI**




**1.395** kr. kg
**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri, ferskt




**398** kr. 1 l
**Kjörís Ís ársins 2015**
1 lítri

**10 STYKKI Í PAKKA**




**598** kr. 10 stk.
**Mars og Snickers**
10 stk. í pakka

## OPIÐ Í DAG
31. DES. GAMLÁRSDAG 10-15
OPNUM AFTUR Á NÝJU ÁRI
2. JAN. LAUGARDAG 10-18

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Eftirminnilegar dægurmálafréttir 2015

Það er ekki seinna vænna að renna yfir eftirminnilegustu dægurmálafréttir ársins sem sprengt verður í burt á miðnætti.

## STJÖRNUSPÁR SIGGU KLING

Stjörnuspár Siggu Kling voru áberandi á síðum Lífsins í ár. Sigga Kling er eins og allir vita þekkt fyrir sínar upplífgandi og skemmtilegu spár og spáir fyrir lesendum Fréttablaðsins einu sinni í mánuði auk þess sem ítarlegri spá og myndbönd fyrir hvert merki er að finna á Vísi. Nýárssspá er væntanleg frá Siggu þann 4. janúar næstkomandi og mun hún sjálfsagt koma með einhverjar yljandi sannleikssprengjur inn í nýja árið líkt og henni einni er lagið.

## ÁREITT AF REIÐUM NETTRÖLLUM

Samkvæmisdansarinn Hanna Rún Bazev Óladóttir var áberandi í fjölmiðlum á árinu og vakti það talsvert umtal þegar hún tók þátt í Ísland Got Talent ásamt eiginmanni sínum og dansherra, Nikita Bazev. Heitar umræður sköpuðust á samfélagsmiðlum um þátttöku þeirra hjóna og voru margir ævareiðir. Hanna Rún sagði í viðtali við Lífið að sér þætti sárt hvernig fólk talaði, þau væru einungis að reyna að koma sér á kortið og þau greiddu allan kostnað við dansinn úr eigin vasa. „Það var gaman að geta glatt einhverja þarna úti sem höfðu gaman af okkur, en ég er farin að hallast að því að margir Íslendingar séu afbrýðisamir og kunni einfaldlega ekki að samgleðjast. Þeir njóta þess að tala um það sem miður fer og hafa ekki hátt um það sem gengur vel,“ sagði Hanna Rún. Hún sagði jafnframt frá því hvernig hún ólst upp við baktal, og að mæður hinna barnanna í dansinum kjöftuðu um hana sín á milli, þar sem þær sökuðu hana um að sofa hjá dómurum, allt frá tólf ára aldri.

Þetta var þó ekki í eina skiptið sem hún prýddi síður blaðsins þar sem hún sýndi Lífinu einnig glæsilegt keppniskjólasafn sitt en hún saumar gjarnan keppniskjóla sína sjálf.

## LÍFIÐ ER STUTT, HALTU FRAMHJÁ

Mikla athygli vakti þegar hakkarar komust í gögn framhjáhaldssíðunnar Ashley Madison og birtu í ágústmánuði þessa árs. Upplýsingar um 128 manns sem skráðir voru á Íslandi voru á listanum en alls komust tölvuþrjótarnir yfir nöfn og upplýsingar um 37 milljón notendur. Vefsíðan hafði verið í loftinu frá árinu 2001 og var slagorð hennar Lífið er stutt, haltu framhjá. Meðal skráðra notendanafna var Icehot1 sem vakti talsverða athygli þegar upp komst að það var skráð á gamalt netfang Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

## JUSTIN BIEBER

Kanadíski poppprinsinn vakti heldur betur athygli þegar hann sótti Ísland heim í september og fékk sér meðal annars kalkúnabringubát á Subway. Söngvarinn dvaldi hér á landi í nokkra daga og kom í ljós eftir á að hann hafði tekið upp tónlistarmyndband við lagið I'll Show You sem komið er með rúmlega 106 milljón áhorf á tónlistarmyndbandaveitunni YouTube. Í myndbandinu má sjá Bieber á nærbuxunum í Jökulsárlóni og í Fjaðrárgljúfri. Myndbandið er tekið upp á Suðurlandi þar sem hann fór að Skógarfossi, Seljalandsfossi og á Sólheimasand.

Það vakti því stormandi lukku þegar tilkynnt var að Bieber myndi hefja Evrópuhluta Purpose-tónleikatúrs síns hér á landi í september. Seldist upp á tónleika Biebers á rúmum 44 mínútum en í boði voru ríflega 10.000 miðar, rætt hefur verið um aukatónleika en er ekkert staðfest enn sem komið er í þeim efnum.

## HVERNIG ER KJÓLLINN Á LITINN?

Einstakur kjóll vakti mikla athygli á netmiðlum í enda febrúar. Ástæðan fyrir því hversu mikla athygli hann vakti var hversu ósammála fólk var um lit kjólsins. Einhverjir sögðu hann gylltan og hvítan, aðrir sögðu kjóllinn væri bláan og svartan og enn aðrir sögðu hann ljósbláan og gylltan. Til þess að reyna að fá úrlausn mála var sjálfur Heiðar snyrtir fenginn til þess að litgreina kjólinn. „Hann er fagurblár og grásvartur og ég er búinn að kíkja á myndina núna nokkrum sinnum. Það sem hins vegar er skrítið er að svarti liturinn sem ég sé hefur eiginlega ekkert nafn. Ekki nema í gamla daga en þá var hann kallaður spanskgrænn. Ég er prestssonur utan af landi og þegar hempan var orðin mjög gömul þá kom grámosgræn slikja á svarta litinn á hempu gömlu prófastanna. Hann er spanskgrænn og fagurblár,“ sagði Heiðar í samtali við Vísi en sitt sýndist hverjum um litinn.

## ALMAR Í KASSANUM

Listaháskólaneminn Almar Atlason dvaldi vikulangt innilokaður í glerkassa í Listaháskóla Íslands. Dvöl Almars í kassanum var hluti af lokaverkefni hans í námskeiðinu Leiðir og úrvinnsla en hægt var að fylgjast með Almari í gegnum beint streymi á vefsíðunni YouTube og hægt var að fylgjast með athöfnum hans allan sólarhringinn. Dvöl Almars í kassanum vakti heimsathygli og var myllumerkið #nakinníkassa fyrirferðarmikið á samskiptamiðlinum Twitter á meðan á dvölinni stóð.

## FRELSUN GEIRVÖRTUNNAR

#Freethenipple-byltingin vakti heldur betur athygli í marsmánuði þegar menntaskólastúlka setti fyrstu brjóstamyndina inn á samskiptamiðilinn Twitter. Stúlkan var síðar gagnrýnd af strák fyrir myndbirtinguna og risu netheimar upp henni til stuðnings og fjölmargar myndir tóku að birtast á samfélagsmiðlum. Markmið byltingarinnar var að stuðla að kynjajafnfrétti og bent var á að brjóst væru ekki kynfæri. Flykktust konur á Austurvöll og í Laugardalslaug þar sem þær beruðu brjóstin undir formerkjum byltingarinnar.

Byltingin vakti athygli langt út fyrir landsteinana og má með sanni segja að árið 2015 hafi verið ár byltinganna á netinu, því hin ýmsu myllumerki skutu upp kollinum á samskiptamiðlunum Twitter og Facebook, og áttu þau eftir að draga heilmikinn dilk á eftir sér. Sem dæmi má nefna #6dagsleikinn, #égerekkitabú, #þöggun og #túrvæðingin.








ÚTSALA
40% afsláttur
af öllum útsöluvörum
hefst 2. janúar
NTC
COMPANYS
Kringlan - opið til kl. 21:00
KARAKTER
KONUR
Smáralind
gs skór
Kringlan | Smáralind
facebook /verslunin.companys
facebook /verslunin.karakter
facebook /gsskor
Instagram /@gs_skor

# Trendin sem við segjum skilið við á nýja árinu

Tískan snýst í endalausa hringi og fólk hefur mismunandi smekk. Á þessu ári fengum við að kynnast þó nokkrum áberandi trendum eins og gerist oft. Nú hafa þau hins vegar runnið sitt skeið og við komum til með að skilja þau eftir á gamla árinu og hefja nýtt ár með hreinan skjöld.





**Kylie** er ein af áhrifavöldum mikillar aukningar í notkun varablýanta.

## Omaggio og Iittala

Ef það yrði gerð vísindaleg könnun þá væri líkleg útkoma að Omaggio-vasi og Iittala-skálar séu til á yfir 75% íslenskra heimila. Það getur ekki lengur talist einstakur stíll þegar meirihluti íslenskra fjölskylda er með sömu hlutina inni á heimilum sínum. Bæði Omaggio-vasinn og Iittala-skálin eru fallegar vörur sem hafa verið að slá í gegn seinustu ár en nú er kominn tími til að snúa sér að öðru.

## Ofnotkun varablýantsins

Kylie Jenner er líklegast mesti áhrifavaldurinn í þessari tísku. Þónokkrar stúlkur setja varablýantinn út fyrir varirnar til þess eins að reyna að láta varirnar virðast stærri en þær eru. Kylie Jenner hefur þó gengið skrefinu lengra og látið sprauta í sínar. Það er mikilvægt að gæta hófs þegar varablýanturinn er settur á, enda er tilgangur hans að skerpa útlínurnar en ekki stækka varirnar.





## Stockholm-mottan

Ikea-mottan fræga sem hefur verið að gera allt vitlaust. Annaðhvort elskar fólk hana eða hatar. Við á Fréttablaðinu erum einfaldlega orðin leið á henni. Hún er vissulega plein og mínímalísk og getur gert mikið fyrir sjónvarpsstofur eða svefnherbergi. Aftur á móti er hún búin að ná hátindinum í vinsældum og fellur hratt niður.



## Karlsmannssnúðurinn

Margir landsmenn eru sammála um að karlkyns snúðarnir hafi runnið sitt skeið á enda. Þá sérstaklega þegar rakað er í kringum hárið í snúðnum. Trendið gekk svo langt á árinu að gervisnúðar fóru á markað til þess að karlmenn sem höfðu ekki þolinmæði til þess að safna hári gætu tekið þátt í tískunni.



**Tískumerkið** Hood By Air sendi fyrirsætur sínar niður tískupallana með ýktari contourförðun en við eigum að venjast.

## Of götóttar buxur

Gallabuxur með götum hafa verið afar vinsælar seinustu ár jafnt hjá konum sem körlum. Yfirleitt gætir fólk hófs í götunum á gallabuxunum eins og að vera með göt á hnjánum eða því um líkt, en það eru þó nokkrir sem missa sig með skærin. Fólk hefur ýmist gengið um í buxum sem eru með alltof mörgum götum frá ofanverðu læri niður að ökkla eða þá með nokkrum mjög stórum, þannig að það lítur út fyrir að vera nánast berleggja. Þetta er afar ýkt tíska sem má gleymast áður en haldið er inn í nýja árið.

## „Contouring“

Ein umtalaðasta tíska þessa árs er án efa contour-förðunartrendið sem hefur verið áberandi hjá ungum stelpum um allan heim. Trendið snýst um að skyggja hluta andlitsins eins og til dæmis kinnbeinin, hökuna og nefið til þess að móta andlitið. Kardashian-systurnar eru taldar vera uppspretta vinsælda þessarar förðunar en þær nota „contouring“ óspart. Skyggingarnar geta þó verið vandmeðfarnar og hefur verið umræða í samfélaginu um hversu mikilvægt sé að blanda vel til þess að líta ekki út eins og blettatígur í framan. Það er óhætt að segja að contouring sýnir ekki hið rétta andlit fallegu stelpnanna sem tileinka sér þennan förðunarstíl.

# VIÐ EIGUM SAMAN GLEÐILEGT ÁR



Við óskum landsmönnum ánægju og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Höfum auga með yngstu kynslóðinni og gætum að því að allir noti hlífðargleraugu þegar flugeldunum verður skotið á loft.

Megi árið 2016 verða okkur öllum til heilla.

Áramótakveðjur,
starfsfólk Varðar

**VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT** Í VÆNDUM Á NÝJU ÁRI?

**Borgartún 25 | 105 Reykjavík | sími 514 1000 | vordur.is**

vörður

ÍSLENSKA / SIA.IS VOR 77900 12/15

HEFST LAUGARDAGINN 2. JANÚAR

Allt að 60% afsláttur

Risa ÚTSALA

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
558 1100



# Gæludýr þingmanna á gamlárskvöld

Mikill hávaði einkennir gjarnan gamlárskvöld og er kvöldið erfitt fyrir blessuð dýrin sem verða hrædd. Fréttablaðið ákvað að spyrja nokkra þingmenn hvernig þeir ætla hugsa um sín dýr á þessu erfiða kvöldi.





## Hvernig er hægt að láta dýrinu líða sem best?



„Í raun er best að byrja að undirbúa dýrin nokkrum vikum fyrir gamlárskvöld. Þá er hægt að spila fyrir þau flugeldahljóð (hægt að finna á netinu) reglulega og þannig venjast oftast þau við. Líka er hægt að nota svokölluð ferómón sem auka á vellíðun dýranna og hafa þannig róandi áhrif á þau. Með þessu er oft hægt að koma í veg fyrir ofsahræðslu hjá dýrum sem getur gripið þau í mestu látunum.

Hvort sem eigendur hafa náð að undirbúa dýrin eða ekki gildir alltaf að halda dýrunum inni. Aldrei að taka dýrin með sér út þegar mestu lætin ganga yfir. Hundar eiga t.d. heldur ekki erindi á brennur eða slíkt.

Dragið fyrir glugga, hafið ljósin kveikt og spilið jafnvel tónlist. Mikilvægt er líka að skilja gæludýrin ekki eftir ein heima, heldur að það sé alltaf einhver hjá þeim. Halda sjálfur ró sinni og ekki gera mikið mál úr þessu, þannig dregur maður frekar úr ótta dýranna heldur en ýta undir hann.

Í sumum tilfellum þarf að gefa dýrum, þá sérstaklega hundum, róandi lyf fyrir gamlárskvöld. Þá þarf að byrja fyrr um daginn að gefa þau inn og svo jafnvel endurtekið seinna um kvöldið en það er metið í hverju tilfelli fyrir sig. Sjaldnar þarf að gefa köttum róandi lyf, þeir finna sér oftast staði sem þeir geta falið sig á.“

**Lísa Bjarnadóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal.**

## Engin róandi lyf

„Við erum með hund af tegundinni Westie sem heitir Emma. Hún er hrædd við flugeldana og geltir á þá. Við gefum henni ekkert róandi fyrir kvöldið en ég reyni að fara með hana í langan göngutúr svo hún brenni orku og verði þreytt og líði vel líkamlega. Við skiljum hana heldur ekki eftir eina svo það er alltaf einhver hjá henni þótt farið sé út að sprengja.

„Oft er taumurinn settur á hana meðan mestu lætin eru, þá fær hún þau skilaboð alveg skýr að við erum við stjórnina og þá slakar hún frekar á.

Við finnum svo það herbergi sem henni líður best í og þar fær hún að vera með. Svo fær hún nóg að drekka og gott að borða til að fagna nú líka með okkur,“ segir **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra** spurður út í ráðstafanir hans í tengslum við dýrið.

## Nærvera skapar öryggistilfinningu



„Ég á tvær tíkur af tegundinni Cavalier sem heita Indý sem er 13 ára og Mirra 11 ára. Þær eru mjög ólíkar og Indý, sú eldri, sem er orðin nánast heyrnarlaus, hefur alltaf viljað hafa sem mest af fötum af heimilisfólkinu undir sér á þessum degi og koma sér fyrir í einhverju horni heimilisins en Mirra vill vera sem mest hjá okkur eða koma sér fyrir í búrinu sínu þegar mest gengur á. Þær hafa alla tíð fengið að hafa þetta eins og þær vilja og um áramót er eiginlega allt leyfilegt, t.d. að vera uppi í rúmi eða í fanginu á okkur ef þær hafa viljað og alla jafna er einhver inni við hjá þeim.

Það þarf í raun hver að prófa fyrir sitt dýr hvað virkar best. Hef prófað róandi á hund sem ég átti einu sinni en fannst það ekki gera neitt fyrir hann svo ég hef ekki reynt það aftur. Nærvera einhvers fjölskyldumeðlims sem skapar öryggistilfinningu.“

**Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.**



## Knúsa hvort annað í gegnum þetta

„Fyrir utan sjálfan mig eru núna tvö önnur gæludýr á heimilinu. Það er leiðsöguhundurinn minn, herra X, sem er tíu ára gamall labradorhöfðingi eða um 35 kíló af hreinum kærleika. Einnig eignaðist ein dætra okkar, hún Helena 12 ára, kött í fyrra sem fékk nafnið Kiþa.

Í fyrra var kötturinn Kiþa enn kettlingur og þá settum við þau hr. X saman inn í rólegt herbergi meðan mestu lætin gengu yfir, höfðum gluggann lokaðan með gardínur dregnar fyrir og lítið ljós. Það virkaði ágætlega, sérstaklega vegna þess að þá eins og oftast er einhverjum úr fjölskyldu- og vinahópnum sem hér er á gamlárskvöld lítið gefið um hávaðann og kýs notalegan félagsskap dýranna rétt á meðan.

Leiðsöguhundar eru þjálfaðir í að láta sem þeir sjái ekki ketti. Kiþa kom til okkar mjög ung og stendur líklegast í þeirri trú að hún sé líka hundur og er afar upptekin við að sýna hr. X að af þeim tveimur sé hún langtum svalari. Í ár hafa þau svo lært samvinnu. Þannig eltir læðan hundinn alltaf út á tún og þvælist jafnvel milli fótanna á honum til að sýna öðrum köttum hverfisins að þó þeir séu kannski stærri þá eigi hún þennan risastóra hund sem hún hafi alveg í vasanum. Á móti eltir hundurinn Kiþu þegar hún laumast upp á borð sem gæti verið matarbiti á sem kisa gæti mjakað fram af borðbrúninni. Líklegast er að þau kúri bara saman þessi áramótin og knúsi hvort annað í gegnum þetta.“

**Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Þinn styrkur
er okkar styrkur!
Á hverju ári sinnum við þúsundum hjálparbeiðna frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, eldgosa, ófærðar, sjóslysa, flóða, skipsstranda, björgunar búpenings, umferðaslysa auk fjölda annarra viðvika.
Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en flugeldasalan er langmikilvægust og skiptir sköpum.
Við hvetjum fólk til þess að hugsa um eigið öryggi og kaupa flugeldana hjá okkur. Það gerir björgunarsveitirnar enn sterkari.
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
ÖRYGGIS AKADEMÍAN
NOTUM ALLTAF FLUGELDAGLERAUGU
- bæði börn og fullorðnir
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
– berst fyrir lífi þínu

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**



Frosta Logasonar

## Gamlársdagur

Jæja, gott fólk. Á miðnætti í kvöld rennur upp nýtt ár og við kveðjum hið frábæra 2015. Engin ástæða er þó til að ætla að næsta ár verði ekki jafn gott eða ennþá betra. Við getum til dæmis huggað okkur við það að núverandi ríkisstjórn mun ekki kveðja okkur fyrr en á þarnæsta ári og því allar líkur á áframhaldandi veislu í boði þessa frábæra fólks sem að henni stendur.

Það er allt á uppleið hjá hinum efnuðu í þjóðfélaginu og því mikilvægt að áfram verði staðinn vörður um þá velgengni. Afnám auðlegðarskatts á þessu ári var liður í þeirri áætlun og verður að hrósa stjórnarherrunum fyrir það þor og þann dugnað sem það krafðist að vaða í og ljúka því verki. Árið sem nú er að líða var einnig árið þar sem stóru útgerðirnar náðu enn einu metári í hagnaði. Hvernig er betra að fagna því en til dæmis með því að lækka veiðigjaldið þriðja árið í röð?

Aldraðir og öryrkjar reyndu að frekjast áfram og væla út hækkanir en ríkisstjórnin stóð af sér þá ósmekklegu aðför. Því dugði ekkert minna en spikfeit desemberuppbót og afturvirkar launahækkanir til 1. mars fyrir okkar æðstu embættismenn og ráðherra. Barnafólk fær svo skertar bætur á nýju ári vegna þess að nú gengur allt svo vel, enginn þarf lengur á aðstoð að halda við uppeldi á hvítvoðungum. Ég meina, það er veisla hérna.

Mikilvægasta stofnun landsins, ríkiskirkjan, fékk svo aukalega 370 milljónir úr ríkissjóði á þessu ári enda búin að standa sig vel í baráttunni fyrir samviskufrelsi presta, sem illu heilli er eitt síðasta vígi sannkristinna hómófóba á landinu. Já, margt jákvætt gerðist á árinu 2015 og því ber að fagna. Verum þakklát og brosum. Gleðilegt ár.








